

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 2. maí 2007 – 18. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

**Brautryðjandinn**  
**Bjarni Ármannsson**  
Hverfur á braut



**Fjármálaþjónustan**  
Drífur efnahagslífið



**Útrás Landsbankans**  
Ætlar sér góða hluti í Winnipeg



**JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FME**  
FME hefur takmarkað atkvæðisrétt stærstu eigenda FL Group við 32,99 prósent.

## Takmörkunum fálega tekið

Forsvarsmenn FL Group tóku samkvæmt heimildum Markaðarins heldur fálega í þá niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins að takmarka atkvæðisrétt stærstu eigenda í Glitni.

Fyrir hluthafafundi í Glitni á mánudag tilkynnti FME um að sameiginlegur atkvæðisréttur FL Group, sem ræður um 32 prósent hlut í Glitni, og Elliðahamars, Jötuns Holding og Sunds og aðila þeim tengdra í Glitni hefði verið takmarkaður við 32,99 prósent eignarhlut.

Í kjölfar viðskipta sem urðu hinn 5. apríl kannaði FME hvort samstarf hefði myndast um meðferð virks eignarhlutar í Glitni á milli FL Group og þessara aðila og komst að þeirri niðurstöðu að svo væri.

Ekki reyndi á takmörkunina á hluthafafundinum á mánudaginn, enda var ný stjórn sjálfkjörin.

- eþa / Sjá síðu 6

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Endurheimt stöðugleika** | Spennufall í efnahagslífinu mun reyna á heimili og fyrirtæki sem mörg hver eru viðkvæm sökum skulda. Þetta kemur fram í umfjöllun Seðlabankans um fjármálastöðugleika.

**Undir spám** | Hagnaður Straums-Burðaráss nam 69,16 milljónum evra á fyrsta fjórðungi ársins. Það jafngildir um sex milljörðum króna og er langt undir væntingum greiningardeilda bankanna.

**Sló Íslandsmet** | Exista sló Íslandsmet í ársfjórðungsgróða þegar félagið hagnaðist um 57,2 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins 2007. Afkoman var umfram spár greiningardeilda.



**Yfir væntingum** | FL Group skilaði 15,1 milljarðs króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi. Greiningardeildir höfðu reiknað með að afkoma félagsins yrði í kringum tólf milljarða króna.

**Til Þýskalands** | FL Group hefur eignast þriggja prósent hlut í öðrum stærsta banka Þýskalands, Commerzbank. Hluturinn er metinn á rúma 63 milljarða króna.

**Selja IGI** | Exista hefur selt hlut sinn í breska tryggingafélaginu IGI Group Ltd, 54,4 prósent hlutafjár, til alþjóðlega tryggingafélagsins AmTrust Insurance.

**Annar besti** | Kaupþing hagnaðist um 20.281 milljón króna á fyrstu ársfjórðungi miðað við 19.593 milljónir á sama tíma í fyrra. Þetta er annar besti fjórðungurinn í sögu fyrirtækisins.

**Eftir væntingum** | Hagnaður Glitnis banka nam sjö milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er 2,1 milljarði króna minna en á sama tíma fyrir ári.

## Eigendur Jane Norman fá níu milljarða í arð

Arðgreiðslur til hluthafa Jane Norman og Iceland nema um 47 milljörðum króna eftir endurfjármögnun félaganna. Rekstrarhagnaður Jane Norman tvöfaldast frá yfirtökunni.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Eigendur tiskuverslanakeðjunnar Jane Norman munu fá um níu milljarða króna í arð eftir að félagið hefur verið endurfjármagnað fyrir um sautján milljarða króna (132 milljónir punda). Kaupþing sölutryggir fjármögnunina en bankinn er annar stærsti hluthafinn á eftir Baugi Group. Í fyrra var Jane Norman endurfjármagnað í fyrra skipti þegar yfirtökuskuldur var skipt út fyrir ódýrara lánsfé.

Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem íslenskir fjárfestar greiða sér út arð vegna endurfjármögnunar fyrirtækja í Bretlandi. Eigendur Iceland-verslanakeðjunnar, sem eru meðal annars Baugur, Fons og Milestone, fengu ríflega 38 milljarða króna arð á dögnum, sem er hæsta arðgreiðsla Íslandssögunnar. Baugur og meðfjárfestar þeirra í Iceland og Jane Norman munu því fá 47 milljarða arðgreiðslur í vasann.

Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi, segir að gríðarlegur vöxtur hafi einkennt Jane Norman eftir að Baugur og Kaupþing keyptu áttatíu prósent hlutafjár í félaginu af Graphite Capital í júlí 2005. Stjórnendur eignuðust um fimmting en heildarkaupverðið nam um 117 milljónum punda, um þrettán mill-

örðum króna, á þeim tíma. Fjöldi verslana hefur farið úr 90 í 150 á sama tíma og innri vöxtur hefur verið yfir tíu prósent á ári. Jane Norman er leiðandi tiskumerki fyrir konur á aldrinum 15-25 ára og hefur tekist að halda vel í viðskiptavinum sína.

Gunnar ber lof á öflugt stjórnendateymi undir forystu forstjórans Saj Shah. „Við höfum líka markað alþjóðlega stefnu. Þegar við komum að þessari fjárfestingu voru engin áform um að fara með merki út fyrir landsteinana.“ Nú eru verslanir undir merkjum Jane Norman reknaðar í Kringlunni í Reykjavík, í Stokkhólmi og í Illum í Kaupmannahöfn og liggja mikil tækifæri í erlendum vexti keðjunnar að sögn Gunnars.

Samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri fyrir síðasta rekstrarár, sem lauk í mars, var velta Jane Norman sautján milljarðar króna og jókst um 35,7 prósent á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var um 3,8 milljarðar króna og hefur ríflega tvöfaldast frá árinu 2005 og um 44 prósent frá 2006.

Gunnar segir að vel hafi verið tekist til í þessum tveimur verkefnum og gaman að sjá afraksturinn. „Við höldum að bæði Iceland og Jane Norman hafi mikla vaxtarmöguleika og erum spenntir fyrir því að vinna áfram með þeim og ná enn betri árangri.“

## Traustið mest á viðskiptalífið

Greiningardeildir og viðskiptablöð skora hátt í nýrri könnun á trausti.

Greinar í viðskiptablöðum og efni greiningardeilda bankanna njóta mests trausts og trúverðugleika. Traust á aðra fjölmiðla minnkar nokkuð á milli ára. Þetta kemur fram í alþjóðlegri könnun almannatengslafyrirtækisins Edelman á trausti og trúverðugleika sem gerð var í 18 löndum.

Ísland er undanskilið könnun Edelmans en Capacent hefur nú í fyrsta sinn gert sambærilega könnun hér á landi og eru niðurstöðurnar samhljóða könnun Edelmans að því leyti að viðskiptablöð og efni greiningardeilda nýtur mesta traustsins. Meira traust er borið til útvarpsfrétta hér en í öðrum löndum en að meðaltali hefur traust til útvarpsfrétta minnkað í öðrum löndum. Svipaða sögu er að segja af trúverðugleika sjónvarpsfrétta.

Á meðal þess helsta sem fram kemur í skýrsl-

unni er að trúverðugleiki á fyrirtæki hefur aukist mikið undanfarin ár og hefur aldrei verið meira. Helstu ástæðurnar fyrir því er aukin aðhald með rekstri fyrirtækja í kjölfar hneykslismála í upphafi aldarinnar, meðal annars gjaldþrots bandaríska orkurisins Enrons og WorldCom.

Edelman hefur gert kannanir á trausti og trúverðugleika síðastliðin átta ár. Í könnuninni er viðhorf skilgreinds hóps, svokallaðra áhrifavald, mælt. Áhrifavaldarnir eru háskólamentað fólk á aldrinum 35 til 64 ára sem fylgdist með fjölmiðlum og hefur heildartekjur yfir 400.000 krónum á mánuði. Í úrtaki Edelmans í ár voru 3.100 manns sem teljast til áhrifavalds í átján löndum. Úrtakið í könnun Capacent hér var sambærilegt.

- jab / Sjá síðu 4

**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,1%\*

GBP 5,7%\*

USD 6,2%\*

EUR 4,1%\*

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl – 30. apríl 2007.



## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-2%	-28%
Actavis	-1%	22%
Alfesca	1%	-5%
Atlantic Petroleum	3%	30%
Atorka Group	0%	4%
Bakkavör	-3%	8%
FL Group	-1%	14%
Glitnir	-1%	14%
Hf. Eimskipafélagið	0%	5%
Kaupþing	0%	29%
Landsbankinn	0%	30%
Marel	-2%	-2%
Mosaic Fashions	-4%	6%
Straumur	-5%	14%
Össur	-5%	8%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Eik í tvær kauphallir

Færeyski bankinn Eik banki verður skráður í OMX-kauphallirnar í Reykjavík og í Kaupmannahöfn í þessum mánuði eða þeim næsta.

Upphaflega hugðust stjórnendur bankans einungis skrá hann í íslensku kauphöllina. Að sögn Pers Højgaard, upplýsingafultrúa Eik banka, hafa umsvif bankans hins vegar aukist jöfnuðum fetum í Danmörku. Það hafi gefið tilefni til tvíhliða skráningar. „Til að komast í danskt fjármagn er nauðsynlegt að vera skráður á danska markaðinn. Ekki síst þar sem margir stofnanafjárfestar mega ekki

fjárfesta utan Danmerkur.“

Ekki er fyrirhugað hlutfjárútbod í tengslum við skráninguna að sögn Pers. „Stærsti hluthafi Eik banka, Eik Grunnurinn, á í dag 62 prósent hlutabréfa bankans. Hann hefur að undanförunni verið að minnka hlut sinn í bankanum og hyggst halda því áfram. Því er ólíklegt að farið verði í útbod fljótlega þar sem framboð á bréfum verður nægt.“

Eik banki er stærsti banki Færeyja. Hann er jafnframt meðal elstu fjármálfyrirtækja Danaveldis. Í ár fagnar hann 175 ára afmæli sínu. Markaðsvirði bank-



STJÓRAR Í EIK BANKA Marnar Jacobsen forstjóri og Bjarni Olsen, aðstoðarforstjóri Eik banka.

ans er 3,8 milljarða danskra króna. Um sextíu prósent af tekjum bankans koma frá starfsemi utan Færeyja.

Kaupþing og SPRON eru á meðal hluthafa í Eik. Þá á Eik tæplega tíu prósent hlut í SPRON. - hhs

## FL vill mann í stjórn Aktiv

Hannes Smárason telur líklegt að FL Group óski eftir því að fá mann inn í stjórn norska fjármálfyrirtækisins Aktiv Kapital á næsta aðalfundi þess. FL er annar stærsti hluthafinn með 13,3 prósent hlut.

Ríkasti maður Noregs, John Fredriksen, á fjörutíu prósent hlut í félaginu. Samkvæmt þriggja mánaða uppgjöri meira en þrefaldaðist hagnaður Aktiv fyrir skatta og nam um 1,9 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var tæpir fjórar milljarðar. - eþa

## Byr selur 5% í SpKef

Hagnaðist um 400 milljónir á fjórum mánuðum.

Byr sparisjóður hefur selt fimm prósent stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík (SpKef) fyrir rúman einn milljarð króna til heimamanna. Samkvæmt útreikningum Markaðarins hagnaðist Byr um rúmar 400 milljónir króna á fjárfestingunni á þeim fjórum mánuðum sem sparisjóðurinn var meðal stofnfjáreigenda í Keflavík, en bréfin hækkuðu um sextíu prósent á þeim tíma. Sölu-gengi hlutarins var 5,5 miðað við uppreiknað nafnverð.

Þetta þýðir að markaðsvirði

SpKef er komið yfir 20 milljarða. Eins og Fréttablaðið greindi frá rétt fyrir síðustu jól keypti Byr stofnfjárlutina af Festu lífeyrissjóði og fóru kaupin fram á genginu 8,2. Það jafngildir í raun genginu 3,5 eftir jöfnun í kjölfar tveggja stóra stofnfjárukninga þar sem SpKef seldi nýtt stofnfé á genginu einum, miðað við uppreiknað nafnverð, eins og ber lögum samkvæmt.

Til viðbótar við söluhagnað fékk Byr um 37 milljónir króna í arð frá SpKef. - eþa

## Actavis í lokaslagnum

Actavis var meðal fjögurra félaga sem skiluðu inn bindandi tilboðum í samheitalyfjahluta Merck. Margt bendir til þess að lokaslagurinn verði á milli Actavis og Teva.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir  
skrifar

Lokaslagurinn um samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck verður að öllum líkindum háður milli tveggja félaga. Erlendir miðlar fullyrða að fjögur félög hafi skilað inn bindandi tilboðum í félagið. Tilboðsfrestur rann út á mánudag. Félagin eru Actavis, ísraelska samheitalyfjafyrirtækið Teva, bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Mylan Laboratories og fjárfestingasjóðirnir Bain Capital og Apax Partners í sameiningu. Fjöldi fyrirtækja sýndi áhuga á að kaupa þennan hluta starfsemi Merck. Talið er að vel á annan tug félaga hafi skilað inn óbindandi tilboðum. Flest þeirra hafa nú helst úr lestinni.

Samlegðaráhrifin af sameiningu Merck og Actavis yrðu gríðarleg. Með henni myndi Actavis á einu bretti ná yfirlýstu markmiði sínu að verða þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. Merck hefur mjög sterka stöðu á svæðum sem Actavis hefur haft litla eða enga starfsemi til þessa, til að mynda í Suður-Evrópu, Japan, Brasilíu og Ástralíu. Þá myndi starfsemin styrkjast á nokkrum af núverandi mörkuðum Actavis. Sameinað félag hefði fimm prósent markaðshlutdeild. Velta þess yrði yfir 3,2 milljörðum evra og starfsmenn um sextán þúsund.

Samkvæmt heimildum Markaðarins eru allar líkur á að ráðgjafar Merck gangi til samninga við eitt eða tvö af þeim félögum sem skiluðu inn bindandi tilboði. Samlegðaráhrifin bæði fyrir Teva og Actavis yrðu mikil. Þau yrðu hins vegar ekki jafnmikil í tilfellum Mylan og fjárfestingasjóðanna. Því mætti leiða að því líkum að baráttan yrði háð milli Actavis og Teva þar sem félagin geta réttlætt herra verð en samkeppnisáðilarnir.

Málalyktir munu þó fara eftir því hversu langt félagin teygja sig í tilboðum sínum. Actavis fylgir mjög stífri stefnu þegar kemur að yfirtökum og samrunum. Hafa stjórnendur fullyrt að þeir muni ekki bjóða herra verð en skynsamlegt er fyrir félagið. Líklegt þykir að söluverð verði á bilinu fjórir til fimm milljarðar evra. Það nemur um 350 til 440 milljörðum króna.



ACTAVISTÖFLUR Á FÆRIBANDI Markmið Actavis er að vera leiðandi fyrirtæki á samheitalyfjamarkaði í heiminum. Í fyrra dró félagið sig út úr slag við bandaríska lyfjarisann Barr um Plíva í Króatíu. Núna býður félagið í samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck.

Viðræðurnar hafa frá upphafi farið fram fyrir luktum dyrum. Forsvarsmenn Actavis vilja því ekki tjá sig um þær eða á hvaða stigi þær séu. Þeir staðfesta hins vegar að fyrir rétt verð hafi Actavis enn fullan hug á að taka félagið yfir.

Búast má við að lokaviðræðurnar taki nokkrar vikur. Niðurstöðu er því að vænta í kringum næstu mánaðamót. Yfirtakan yrði sú langstærsta í Íslandssögunni. Kaup Exista í Sampo eru hingad til stærsta fjárfesting Íslendinga erlendis. Kaupverð 15,5 prósent hlutar nam 170 milljörðum króna. Nái Actavis ekki að taka Merck yfir er ekki ólíklegt að félagið verði sjálft álitid vænlegur yfirtökukostur. Erlendir greiningaraðilar hafa bent á að mikil tækifæri geti falist í kaupum á bréfum Actavis. Fjárfestar hafa brugðist við því. Frá áramótum hafa bréf í félaginu hækkað um tuttugu prósent.

## Fyrst með OMX-aðild

Hinn 30. apríl varð fjárfestingarbankinn Saga Capital aðili að Nordic Exchange á Íslandi. Bankinn var því fyrstur til að hefja viðskipti á hluta- og skuldabréfamarkaði Nordic Exchange á Íslandi eftir sameininguna við OMX 2. apríl síðastliðinn.

Saga Capital er alþjóðlegur fjárfestingarbanki sem starfar á afmörkuðum sviðum fjármála og veitir þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, útlána og verðbréfamíðlunar. Bankinn tekur jafnframt þátt á innlendum og

erlendum verðbréfamörkuðum með fjárfestingum fyrir eigin reikning.

Aðildin veitir Saga Capital aðgang að kauphöllum í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Helsinki.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, segir viðskiptin á fyrsta degi hafa gengið vel. Segir hann stefnt að því að bankinn verði að auki kominn með aðild að kauphöllum Eystrasaltslandanna innan tveggja mánaða. - hhs

## Penninn í útrás í Eystrasalti

Penninn hefur keypt allt hlutafé í rekstrarvörukjöðunni Daily Service sem starfar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen.

Penninn hefur verið að sækja inn á markaði í kringum Eystrasalt. Stjórnendur Pennans hafa lýst því yfir að þar muni félagið vaxa áfram enda tækifærin mikil.

Í síðustu viku tilkynnti Penninn einnig um kaup á lettneska kaffi- framleiðandanum Melna Kafija í samstarfi við Te&kaffi. Penn-

inn hefur fylgt þeirri hugmyndafræði að samlegðaráhrif séu í þjónustu við skrifstofuna annars vegar og kaffistofuna hins vegar. Fyrirtækið á meðal annars þrjátíu prósent hlut í Te&kaffi. Þá var í mars tilkynnt um kaup á finnska fyrirtækinu Tamore sem er sérhæft í sölu og dreifingu á skrifstofuvörum. Ársvelta Daily Service nemur tveimur milljörðum króna og fyrirtækið hefur 320 starfsmenn á sínum snærum. - hhs



LENGRI GREIÐSLUFRESTUR  
MEÐ INNKAUPAKORTI GLITNIS

OG ALLT AÐ 75% SPARNAÐUR AF UMSÝSLU REIKNINGA

GLITNIR

Kynntu þér kosti innkaupakortsins fyrir þitt fyrirtæki á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is).

# Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

Hinn og haf / SIA – 9070354




## ÖRUGGA SAFNIÐ

**16,1% ávöxtun**

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf




## HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

**20,8% ávöxtun**

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf




## ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

**24,9% ávöxtun**

Meiri sveiflur, hærrí væntingar. Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á [www.nb.is](http://www.nb.is).

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is)  
[www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is) – [www.spron.is](http://www.spron.is) eða í næsta útibúi SPRON

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.





## HUGTAK VIKUNNAR

**GÓÐÆRI** kallast það þegar upp-gangur er í hagkerfinu og vel gengur. Þegar þannig árar er eftirspurn mikil og nóg um atvinnu. Núna stefnir til dæmis í mjúka lendingu í hagkerfinu, að sögn fjármálaráðuneytisins, eftir góðæriskeið tengt miklum uppgangi og stóriðju, en góðæri fylgja miklar framkvæmdir og viðskipti.

Atvinnuleysi hefur verið í sögulegu lágmarki og þannig lýst að „fleiri hefðu vinnu en vildu“. Jafnvægis-atvinnuleysi er sagt vera nálægt þremur prósentum.



## Íslendingar framleiða skó í Kína

Fyrsta verksmiðjan sem alfarið er í eigu Íslendinga var formlega opnuð í Zhongshan-borg í Suður-Kína í síðustu viku. Gunnar S. Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína, vígði verksmiðjuna ásamt Óskari Jónssyni og aðstoðarborgarstjóra Zhongshan.

Verksmiðjan er í eigu Green Diamond, sem framleiðir skósóla og sprautusteypta innsóla. Skósólarnir byggja á sömu tækni og harðkornadekk og eru stamir á hálu undirlagi. Innsólarnir eru nýlunda á skómárkaðnum í Asíu og hefur fyrirtækið einkaleyfi á þeim í Kína og frá Ítalíu.



**FRÁ OPNUN VERKSMIÐJUNNAR** Gunnar S. Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína, Óskar Jónsson, forstjóri Green Diamond, og ráðamenn í Zhongshan-borg við opnun verksmiðju Green Diamond.

Að sögn Óskars Jónssonar, framkvæmdastjóra Green Diamond sem býr í Zhongshan, er framleiðsla hafin á skósólum en beðið

er sérhæfðar vélasamstæðu frá Ítalíu fyrir innsólaframleiðsluna. Framleiðslan nemur allt að 12 milljónum skósólapara á ári en 20 þúsund innsólapörum á dag. Um 50 til 60 manns munu starfa í verksmiðjunni í fyrstu.

Óskar segir gríðarlegan vöxt í kínverskri skóframleiðslu á næstu 15 árum og spár því að framleiðsla og starfsmannafjöldi Green Diamond aukist samhlíða því. „Það er mögulegt að framleiðslan fari í tugi milljóna para á ári. Það fer eftir því hversu vel markaðurinn tekur við sér,“ segir hann.

- jab

## Góð afkoma hjá Nintendo

Japanski leikjatlöðuvurinn Nintendo hagnaðist um 174,3 milljarða jena, jafnvirði rúmra 94,6 milljarða króna, á fyrsta ársfjórðungi. Hagnaðurinn hefur aldrei verið meiri enda er þetta rúmlega 77 prósentu aukning frá síðasta ári. Afkoman skýrist af mikilli eftirspurn eftir Wii-leikjatlöðunni sem kom á markað í nóvember í fyrra og góðri sölu á DS-handtölvunni.

Leikjatlöðun hefur skilaði sér í aukinni tiltrú fjárfesta á Nintendo en gengi bréfa í félaginu tvöfaldaðist í fyrra.

- jab

## Svarthöfði til starfa hjá Woolworths

Breska verslanakeðjan Woolworths ýtir á fyrri hluta næsta árs úr vör markaðsátaki þar sem teiknarinn Rolf Harris, Kelly Osbourne, dóttir rokkanans Ozzie, og illmennid Svarthöfði úr kvikmyndabákinum Stjörnustríði, auk fleiri persóna, kynna verslanakeðjuna í röð sjónvarpsauglýsinga.

Woolworths hefur, líkt og fleiri verslanir í Bretlandi, átti við samdrátt að stríða á síðasta ári. Hagnaður dróst saman um 73 prósent á milli ára og árið sagt eitt það versta í afkomusögu keðjunnar.

Baugur Group er einn stærsti hluthafi Woolworths í gegnum fjárfestingafélagið Unity Investments ásamt FL Group og breska fjárfestinum Kevin Stanford. Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, gagnrýndi nýverið



**SVARTHÖFÐI OG WOOLWORTHS** Breska verslanakeðjan Woolworths ætlar að sýna þrjár auglýsingar með þekktum persónum á næsta ári í nýju markaðsátaki.

MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

stjórnendur verslanakeðjunnar harðlega í viðtali við breska dagblaðið Financial Times.

Í forsvari markaðsátaksins fara brúðurnar Woolly og Worth, en Harris, Osborne og Svarthöfði leika sitt aukahlutverk í hvert. Harris malar íbúð brúðanna, Kelly snæðir kvöldverð með þeim en Svarthöfði nýttir Máttinn og tófrar fram glóðvolgar baunir á ristudu brauði.

- jab

## Traust á dagblöð dalar

Traust á dagblöð minnkar í nýrri viðhorfskönnun en viðskiptablöð og rit greiningardeilda þykja áreiðanlegust.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Traust og trúverðugleiki dagblaða dalar annað árið í röð og mælist nú 37 prósent á móti 44 prósentum í fyrra í nýrri alþjóðlegri viðhorfskönnun Edelmans, eins stærsta almannafyrirtækis í heimi, sem gerð var á meðal skilgreinds hóps svokallaðra áhrifa-valda í 18 löndum. Viðskiptalífíð, greinar í viðskiptablöðum og viðhorf í samræðum við vini og jafningja tróna í efstu sætunum með 50 til 51 prósentu trúverðugleika þegar öll löndin eru tekin saman. Ísland hefur fram til þessa ekki verið þátttakandi í könnun Edelmans en Capacent Gallup gerði sambærilega könnun hér á landi.

Áslaug Pálsdóttir, framkvæmdastjóri AP almannatengsla, sem er samstarfsaðili Edelmans á Íslandi, segir traust og trúverðugleika viðskiptalífsins efst í könnun Edelmans enda sé því betur treyst en fjölmiðlum og hinu opinbera í öllum heimshlutum. Hún bendir á að Enron-hneykslið árið 2001, svo fátt eitt sé nefnt, hafi rúðið viðskiptalífíð



ÁSLAUG PÁLSDÓTTIR  
Framkvæmdastjóri AP  
Almannatengsla.

trausti. Á svipuðum tíma sprakk netbólan og varð það til þess að traust á viðskiptalífíð fór í lægsta gildi sitt í viðhorfsmælingu Edelmans árið 2002. Síðan þá hefur vegur viðskiptalífsins dafnað en í skýrslu Edelmans, þar sem fjallað er ítarlega um könnunina, kemur fram að fyrirtækjum sé sýnt mun meira aðhald nú en áður auk þess sem fyrirtækin hafi látið gott af sér leiða og alla jafna sýnt meiri samfélagslega ábyrgð.

Fram kom sömuleiðis að margir bera meira traust til fyrirtækja þar sem þau hafa sýnt að þau geti tekist á við stór samfélagsleg vandamál á borð við fátækt og loftslagsbreytingar, að sögn Áslaugar.

Nýjungin í viðhorfsmælingu Edelmans nú er það traust sem viðskiptablöðin og skýrslur greiningarfyrirtækja hafa. Áslaug segir nokkrar ástæður liggja þar líklega að baki. „Fyrirtækin þurfa traustan þriðja aðila til að fjalla um sig á trúverðugan hátt,“ segir Áslaug og bendir á að þar komi viðskiptablöðin og greiningardeildirnar við sögu sem sjálfstæðir aðilar. „Könnunin sýnir að leitað er í viðskiptablöð og rit greiningardeilda eftir trúverðugri og fræðandi umfjöllun um fyrirtækin,“ segir hún og bætir við að líklega liggja á bak við traustið sérfræðipækkning höfunda og blaðamanna á efninu.

Áslaug flytur erindi í Salnum í Kópavogi á morgun. Þar mun einnig David Brain, framkvæmdastjóri Edelman í Evrópu kynna alþjóðlegu könnunina auk þess sem Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri Capacent, kynnir íslensku viðhorfsmælinguna á trausti og trúverðugleika í fyrsta sinn. Að erindum þeirra loknum verða pallborðsumræður þar sem fulltrúar fyrirtækja, fjölmiðla, stjórnvalda og félagasamtaka ræða málin.

## Miklir möguleikar í Hitaveitunni

Geysir Green Energy átti hæsta tilboð í rúmlega fimmtán prósentu hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Tilboðið hljóðar upp á 7.617 milljónir króna sem verða staðgreiddar eftir tæpa þrjú mánuði, ákveði þeir sem eiga forkaupsrétt í hlutinn ekki að nýta sér hann. Þetta jafngildir því að markaðsvirði Hitaveitu Suðurnesja hlaupi á fimmtíu milljörðum króna.

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysir Green Energy, segir að niðurstaðan hafi komið fyrirtækinu á óvart. „Þegar möguleikarnir sem felast í Hitaveitu Suðurnesja



ÁSGEIR MARGEIRSSON  
Forstjóri Geysir  
Green Energy.

eru skoðaðir kemur á óvart hvað hinar tölurnar voru lágur. Þeir hafa metið þetta öðruvísi en við,“ segir hann og bætir við að tækifærin sem felast í Hitaveitu Suðurnesja séu þess virði að greiða svo hátt verð fyrir hlutinn.

Kaupsamningur verður undirritaður á næstu dögum. Að því loknu munu hluthafar sem eiga forkaupsrétt að bréfunum fá sextíu daga til að taka ákvörðun um hvort þeir virki réttinn. „Þeir geta líka ákveðið að fylgja okkur inn í framtíðina og virkja hann ekki,“ segir Ásgeir.

- jab

## MÆLT TRAUST ALMENNINGS TIL MISMUNANDI FRÉTTAVEITNA\*

Fréttaveitur	ESB	Bandaríkin	Ísland
Skýrslur verðbréfa- og greiningarfyrirtækja	54%	47%	74%
Greinar í viðskiptablöðum	51%	55%	74%
Sjónvarpsfréttir	41%	35%	66%
Útvarpsfréttir	44%	39%	75%
Upplýsingar frá fyrirtækjum	11%	14%	57%
Greinar dagblaða	33%	37%	42%
Heimasíður fyrirtækja	18%	20%	36%
Samræður við vini og kunningja	44%	37%	32%
Auglýsingar um fyrirtæki og varning	32%	28%	5%
Bloggsíður	17%	16%	3%
Skemmtiefni, kvikmyndir og sjónvarp	14%	15%	3%

\* Heimild: Edelman og Capacent



Ekki missa af þessu tækifæri!

## Hlutabréfareikningur II

100% höfuðstólstrygging!

## Nýr fjárfestingarkostur

- tekur mið af erlendum hlutabréfavísitölum

## Hlutabréfareikningur II

- 100% höfuðstólstrygging
- Lágmarksupphæð kr. 500.000
- Ávöxtun tekur mið af erlendum hlutabréfavísitölum í V-Evrópu, A-Evrópu og Asíu.
- Ekkert þak á ávöxtun
- Binditími 2 ár

Sölutímabil er 2.-10. maí 2007

Nánari upplýsingar á [spron.is](http://spron.is) eða hjá þjónustufulltrúa í síma 550 1200  
\*M.v. 20. apríl sl. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíðinni.  
Hlutabréfavísitölur geta hækkað jafnt sem lækkað.

spron



# Öflugir, sveigjanlegir, stækkanlegir Ný kynslóð netþjóna frá Dell



## Láttu fyrirtækið vaxa – ekki kostnaðinn



### Ný kynslóð PowerEdge netþjóna frá Dell

#### Einföldun

- Netþjónar í okkar nýju vörulínu geta allir nýtt sér sama *System image*<sup>1</sup> og þannig einfaldað uppsetningar, umsjón og viðhald.

#### Hámarks uppitími

- Dell hannar, framleiðir og prófar hvern netþjón fyrir afhendingu og eykur með því gæði, dregur úr bilunum og einfaldar uppsetningarvinnu.

#### Aukin afköst

- Allt að 152% afkastaaukning með nýjasta Intel® Xeon® örgjörvanum.<sup>2</sup>

#### Dell™ PowerEdge™ 2950

Netþjón með nýjstu kynslóð örgjörva. Fullkomið jafnvægi milli afkasta, áreiðan- og sveigjanleika fyrir stækkandi þjónustur s.s.

- Vefþjónustur
- Póstþjónustur
- Gagnagrunnsþjónustur
- Skráar- / Prentþjónustur

Dual-Core Intel® Xeon® 5110 örgjörvar  
(1,6GHz, 4MB Cache, 1066MHz FSB)

4GB FBD vinnsluminni

2x 146GB SAS diskar

Tveir straumgjafar

3 ára ábyrgð

## 349.900 kr.

m.vsk.

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**



1) PowerEdge 1950, 2950 og 2900 geta allir nýtt sér sama System Image. 2) Byggir á SPECjbb2005 hraðaprófum, gerðum á tilraunastofum Dell í desember 2005. ©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakktilboði. Dell, Dell vörumerki og PowerEdge eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útbúa þess í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerka annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölu getur notað afritunarmarkaði.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarinn og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu rásetningu hugbúnaðarinn eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000



# Brautryðjandi hverfur á braut

Brotthvarf Bjarna Ármannssonar kom ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti en verður að teljast áfall fyrir Glitni. Nýir stjórnendur boða engar breytingar á starfsemi bankans þótt ætla megi að róðurinn verði hertur í Bretlandi. FME hefur takmarkað atkvæðisrétt stærstu eiganda í Glitni. Eggert Þór Aðalsteinsson fer yfir nýliðna atburði.

**M**ánudagurinn 30. apríl markaði þáttaskil í sögu íslensks viðskiptalífs. Sama dag og Glitnir greindi frá sjö milljarða króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi lét Bjarni Ármannsson af störfum í kjölfar þess að ný stjórn var kjörin á hluthafafundi bankans og eftirlét Lárusi Welding, rúmlega þritugum framkvæmdastjóra hjá Landsbankanum og fyrrverandi starfsmanni sínum, veldissprotann.

## BRÓÐERNI OG BLÓDTAKA

Afsögn Bjarna kom ekki á óvart, enda hafði verið þrálátur orðrómur um brotthvarf hans úr Glitni undanfarnar vikur eftir að Karl Wernersson í Milestone seldi stóran hluta bréfa sinna og Einar Sveinsson, fráfarandi stjórnarformaður og stjórnarmaður til sextán ára, fór alfarið út. Bloggararnir Jón Axel Ólafsson og Óli Björn Kárason sögðu fyrstir opinberlega frá þeim orðrómi að Bjarni væri á leiðinni út, sem síðar kom á daginn. Visir.is staðfesti svo þær frásagnir á mánudaginn og greindi frá því við sama tækifæri að Lárus Welding yrði kynntur sem eftirmaður Bjarna í kjölfar hluthafafundar síðar um daginn.

Bjarni og Þorsteinn M. Jónsson, nýr stjórnarformaður Glitnis, leggja mikla áherslu að skilnaðurinn hafi verið gerður í mesta bróðerni og ætla fyrri verandi forstjóri að aðstoða eftirmann sinn á næstu vikum. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins var nær ekkert sem stóð í vegi fyrir því að Bjarni héldi áfram kysi hann svo. Þetta verður því að teljast töluverð blódtaka fyrir helstu eigendur bankans, enda er Bjarni maður með mikla reynslu og þekkingu, vinsell af starfsfólki og sterkur málsvári Glitnis út á við.



**BJARNI ÁRMANNSSON, FRÁFARANDI FORSTJÓRI GLITNIS, OG EINAR SVEINSSON, FYRRVERANDI STJÓRNARFORMAÐUR BANKANS, DJÚPT HUGSI** Nýr stjórnarformaður Glitnis er sáttur við núverandi stefnu bankans. „Við erum fullkomlega sáttir við þá stefnu. Við viljum kannski reyna að gera gott betur.“

## EIGNIR TÍFALDAST FRÁ SAMRUNA

„Þetta hefur átt sér skamman aðdraganda en auðvitað er svona ferli ekki talið í dögum,“ segir Bjarni, spurður hvernig starfslok hans hafi borið að. Bjarni var forstjóri Glitnis og forvera hans frá 1997 og á þeim tíma ríflega tuttugufaldaðist virði bankans. Hann tók við starfi forstjóra FBA árið 1997, þá yngsti yfirmaður í íslenska fjármálakerfinu, aðeins 29 ára gamall. Einkavæðingarferlið 1998-1999 er Bjarna minnisstætt. „Maður var að fást til hluti sem maður þekkti lítið til. Allt voru þetta nýjungar hér á landi og FBA braut þar blað.“

Hann kom svo að samruna FBA og Íslandsbanka árið 2000 og stýrði bankanum við hlið Vals Valssonar þar til sá síðarnefndi lét af störfum. Við samruna Íslandsbanka og FBA var bankinn verðmætasta félag Kauphallarinnar frá upphafi – metinn á 67 milljarða króna. Glitnir er sjö árum síðar næstverðmætasta fyrirtæki Kauphallarinnar með markaðsvirði upp á 400 milljarða króna. Heildareignir hafa vaxið úr 226 milljörðum króna í 2.256, það er tífaldast.

Bjarni hefur síðan unnið að uppbyggingu Glitnis úr því að vera alíslenskur banki í það að vera með heimastöðvar í tveimur löndum og ört vaxandi fjárfestingarbanki í Norður-Evrópu með sérstöðu í sjávarútvegi og orkugeira. Hann hefur þurft að glíma við margvíslegar væringar í hluthafahópi bankans í gegnum tíðina og hugsanlegar yfirtökutilraunir.

Kostnaður vegna starfsloka forstjórans mun ekki liggja fyrir fyrir en uppgjör ársins 2007 liggur fyrir. Bjarni hafði 144 milljónir króna í laun og hlunnindi á síðasta ári. Miðað við nýlega starfslokasamninga má ætla að starfslok hlaupi á tugum milljóna króna. Bjarni selur eignarhlut sinn í Glitni til bankans en sá hlutur er metinn á 6,5 milljarða króna.

## ENGAR STÓRAR BREYTINGAR

Ýmsar sögusagnir hafa verið í gangi um breytingar á starfsemi Glitnis á þessu ári. Samruni við annan banka eða jafnvel við FL Group, stærsta hluthafann í Glitni, gæti verið inni í framtíðarmyndinni. FL hefur með nýlegum kaupum á þriggja prósentu

hlut í Commerzbank, fyrir rúma 63 milljarða króna, boðað þátttöku sína í væntanlegu samrunaferli á evrópskum bankamarkaði. Þá hefur verið orðrómur, sem er staðlaus, um sölu útibúanets Glitnis til Byrs sparisjóðs en sömu fjárfestar koma að Glitni og Byr. Núverandi staða býður upp á marga möguleika.

Þorsteinn boðar engar breytingar á starfsemi Glitnis að svo stöddu, enda hafi FL Group, sem kjölfestuhluthafi í bankanum um nokkurt skeið, tekið þátt í að móta stefnu bankans. „Við erum fullkomlega sáttir við þá stefnu. Við viljum kannski reyna að gera gott betur.“ Síðustu uppgjör bankans sýna að stöðugur vöxtur hefur legið í gegnum þóknunartekjur. Þorsteinn segir að það sé óhætt að álykta svo að bankinn muni herða róðurinn í fjárfestingarbankastarfseminni. Þar kemur Bretland sterklega til greina. Lárus Welding hefur unnið að mörgum verkefnum við hlið Baugs Group, eins stærsta hluthafans í FL Group, og tengdra fjárfesta og stýrði hann aðkomu Landsbankans að yfirtöku Baugs og fleiri aðila að Big Food Group og vel heppnaðri endurfjármögnun Iceland-verslanakeðjunnar. Þorsteinn segir að Lárus hafi mikla reynslu af breska markaðnum og góð sambönd þar.

„Mér finnst stefna bankans vera vel úthugsuð. Það er búið að gera skynsamlegar breytingar á skipiritinu og bæta við einingum á réttum stöðum. Mín sýn passar mjög vel við þá stefnu sem hefur verið mörkuð,“ segir Lárus Welding, sem stýrði uppbyggingu Landsbankans í Lundúnum frá 2003.

## FME TAKMARKAR ATKVÆÐISRÉTT

Fyrir hluthafafundi í bankanum á mánudaginn tilkynnti FME um að sameiginlegur atkvæðisréttur FL Group, sem ræður um 32 prósentu hlut í Glitni, og Elliðahamars, Jötuns Holding og Sands og aðila þeim tengdra í Glitni hefði verið takmarkaður við 32,99 prósentu eignarhlut. Í kjölfar viðskipta sem urðu hinn 5. apríl kannaði FME hvort samstarf hefði myndast um meðferð virks eignarhlutar í Glitni á milli FL Group og þessara fjárfesta og komst að þeirri niðurstöðu að svo væri. Þar sem stofnunin hafði ekki veitt samþykki fyrir meðferð á hinum virka eignarhlut ákvað hún að takmarka sameiginlegan atkvæðisrétt við fyrrgreind mörk.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins tóku forsvarsmenn FL Group heldur fálega í þessa niðurstöðu FME en ekki reyndi á takmörkunina á hluthafafundinum á mánudaginn, enda var ný stjórn sjálfkjörin. Fulltrúar FL Group leiða hina nýju stjórn: Þorsteinn er formaður stjórnar Glitnis, en Jón Sigurðsson, aðstoðarforstjóri FL, verður varaformaður hennar. Skarphéðinn Berg Steinarsson situr svo sem þriðji maður FL, en auk þeirra voru þau Björn Ingi Sveinsson, Haukur Guðjónsson, Katrín Pétursdóttir og Pétur Guðmundarson hrl. sjálfkjörin í stjórnina.

Stjórnarformaður Glitnis á ekki von á því að niðurstaða FME hafi áhrif á stjórnun bankans. „Ég held að við munum reyna að ráða fram úr þessu í samstarfi við FME þannig að allir séu sáttir.“

**8**  
**ALLRA ÁTTA**  
VEFSÍÐUFYRIRTÆKI

„Vegir liggja til  
...Allra Átta!“

www.8.is

→ **Vefsíðuhönnun** → **A8 Vefumsjón** → **Ráðgjöf**

Allra Átta ehf. • Skútuvogur 1e • 104 Reykjavík • Sími: 588 8885 • Netfang: 8@8.is • Veffang: www.8.is

Miðlaðu á **markvissan** hátt  
með **Netvision**



**NETVISION**

**mentis** HUGBÚNAÐUR





## Netreikningur Sparisjóðsins

**Nýr hávaxtareikningur í Heimabankanum – stighækkandi vextir eftir innstæðu**  
 Netreikningur Sparisjóðsins er óverðtryggður og óbundinn hávaxtareikningur. Þú stofnar Netreikning Sparisjóðsins á [www.spar.is](http://www.spar.is). Reikningurinn ber stighækkandi vexti, því hærri innstæða þeim mun hærri vextir skv. vaxtatöflunni\* hér að ofan. Þú hefur aðgang að Netreikningnum allan sólarhringinn í gegnum Heimabanka Sparisjóðsins. Vextir eru færðir inn í árslok.

\*vextirnir eru miðaðir við vaxtatöflu 21. 4. 2007

	Fjárhæð	Vextir
1. þrep	0 – 1.999.999	12,50%
2. þrep	2.000.000 – 9.999.999	12,85%
3. þrep	10.000.000 – 29.999.999	13,30%
4. þrep	30.000.000 – 59.999.999	13,70%
5. þrep	60.000.000+	14,60%

### Enginn binditími

Binditími er enginn og þú getur tekið út hvenær sem þér hentar.

### Enginn kostnaður og engin úttektarþóknun

Netreikningur er alltaf laus til útborgunar án úttektarþóknunar í Heimabanka Sparisjóðsins.

### Engin lágmarksinnborgun

Ekki þarf að leggja inn tiltekna lágmarksfjárhæð til að fá háa vexti.



**SPARISJÓÐURINN**  
 – fyrir þig og þína





# Fjármálaþjónustan drífur efn

Seðlabanki Íslands segir viðnámsþrótt bankanna hafa aukist frá því fyrir ári síðan um leið og þeir hafi tryggt fjármál fjallar um nýtt rit bankans um fjármálastöðugleika og væntingar Samtaka fjármálafyrirtækja um næstu skref til að starfsumhverfi hér.

„Ég held því óhikað fram að fjármálaþjónusta sé einn helsti drifkraftur efnahagslífsins á Íslandi um þessar mundir enda hníga öll rök að því,“ segir Bjarni Ármannsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og fráfariandi forstjóri Glitnis, í ræðu sem hann hélt á nýafstaðinni ráðstefnu samtakanna í Borgarleikhúsinu. „Í samkeppni þjóðanna ræður þróunarstig fjármálakerfisins, eða fjármálmenningin, mestu um velgengi á mörkuðum og úthald í viðskiptum. Allt of fáir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að umhverfið, umgjörðin um fjármálafyrirtæki, sé í senn rúmt og sterkt.“

Samtökin notuðu tækifærið í kjölfar aðalfundar 26. apríl til að vekja athygli á umfangi og stöðu fjármálafyrirtækis hér með ráðstefnu og útgáfu nýrrar skýrslu. Daginn áður birti Seðlabanki Íslands rit sitt um fjármálastöðugleika þar sem segja má að fjármálakerfið hér hafi fengið vottun eftir nokkur áföll í umræðu og fjármögnun í fyrra, meðan áhyggjur bankans beinast í meira mæli að viðvarandi þjóðhagslegu efnahagslífi. Niðurstaða bankans er að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust og að frá því fyrir ári hafi viðnámsþróttur bankanna styrkst þrátt fyrir að á sama tíma hafi þjóðhagslegt ójafnvægi aukist.

Seðlabankinn bendir engu að síður á að ýmsir áhættuþættir séu til staðar þótt fjármálakerfið sé í meginatriðum traust og standist vel álagsprófanir. „Líklega hefur íslenskur þjóðarbúskapur aldrei verið jafn næmur

fyrir breytingum á alþjóðlegum mörkuðum og um þessar mundir. Þetta birtist til dæmis í nánnum tengslum á milli gengis krónunnar og annarra hávaxtagjaldmiðla og erlendrar vaxtaþróunar. Hin nánú tengsl má að nokkru leyti rekja til mikils viðskiptahalla, sem leiðir til þess að gengi krónunnar og framvinda þjóðarbúskaparins í heild eru háð hvata eða vilja erlendra fjárfesta og lánardrottna til að fjármagna hallann. Hvatinn er mikill vaxtamunur á milli Íslands og helstu gjaldmiðlasvæða. Hann freistar áhættusækinnna fjárfesta sem festa fé í hávaxtagjaldmiðlum víða um heim. Á sama tíma hefur skuldsetning þjóðarbúsins og erlendar eignir þess vaxið hratt og önnur fjármálaleg tengsl

þar sem íslensk fjármálafyrirtæki hafa einkum haslað sér völl, hefur í meginatriðum verið jákvæð. Verðbólga hefur þó aukist töluvert á Bretlandi og fasteignaverð er mjög hátt, sem gæti haft áhrif á útlánastarfsemi fjármálafyrirtækja þar. Fasteignaverð á Norðurlöndunum er einnig afar hátt.

Hagvöxtur á Bretlandi fór heldur vaxandi á síðastliðnu ári,“ segir Seðlabankinn og bendir á að áætlað sé að þar hafi verg landsframleiðsla vaxið um 2,8 prósent í fyrra og spáð sé svipuðum hagvexti í ár. „Mestur vöxtur var í þjónustugeiranum, einkum fjármálaþjónustu þar sem arðsemi hefur verið góð um langt skeið.“

Þá bendir Seðlabankinn á að efnahagsástandið á Norðurlöndunum utan Íslands hafi verið ágætt á liðnu ári. „Hagvöxtur, sem jókst í öllum löndunum, var drifinn áfram af innlendri eftirspurn, vöxtur einkaneyslu var til dæmis víðast mikill, en útflutningur jókst einnig verulega.“ Hagvöxtur á Norðurlöndunum var á bilinu 3 til 5,5 prósent á síðasta ári, mestur í Finnlandi og Svíþjóð og að sögn Seðlabankans er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði

áfram ör á næstu tveimur árum.

Helstu hættuna sem steðji að íslenskum þjóðarbúskap og fjármálakerfinu um þessar mundir segir Seðlabankinn að líkindum vera hraða og óvænta hækkun erlendra vaxta. Af þeim sökum segir bankinn að fjármálafyrirtæki eigi að miða áhættustýringu sína við að vextir hækki umtalsvert á næstu árum. Um leið segir bankinn erfitt að meta líkurnar á því að erlendir vextir hækki á næstu miss-



**SPJALL AÐ RÁÐSTEFNU LOKINNI**  
Ráðstefna undir yfirskriftinni SFF dagurinn fór fram í Borgarleikhúsinu síðasta fimmtudag. Hér má sjá Bjarna Ármannsson, formann Samtaka fjármálafyrirtækja, spjalla við Pétur H. Blöndal allþingismann og aðra gesti í ráðstefnulok.

MARKAÐURINN/ANTON

## SKIPTING ÚTLANA BANKANNA EFTIR LÖNDUM

Land	Hlutfall af heild
Ísland	39%
Bretland	18%
Danmörk	16%
Noregur	12%
Svíþjóð	4%
Lúxemborg	2%
Þýskaland	1%
Finnland	1%
Aðrir	8%

Heimild: Seðlabanki Íslands, Fjármálastöðugleiki 2007

## HORFUR GÓÐAR Á MARKAÐSSVÆÐUM

Seðlabankinn segir hins vegar að sem standi séu horfur góðar á helstu markaðssvæðum íslenskra fjármálafyrirtækja. „Framvinda efnahagsmála á Norðurlöndum og Bretlandi,





# Framtíðin er í okkar höndum

Framtíðin felst í hátækni  
- Sjá stefnu Samtaka iðnaðarins og áskorun tilríkisstjórnarinnar á [www.si.is](http://www.si.is)



# verk að vinna

MIÐVIKUDAGUR 2. MAÍ 2007



# 130 m á hæð

„GP krana eiga á annan tug bílakraa af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LYSING.IS // 540 1500





Fjöldinn allur af lóðum stendur íbúum höfuðborgarsvæðisins til boða næsta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Lóðaúthlutanir í og við Reykjavík

Víða rísa nú ný hverfi og slegist er um lóðirnar. Slagurinn er mestur á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að þar sé framboðið einnig mest. Hægt er að fá lóðir í Mosfellsbæ, Hafnarfirði, Reykjavík og Kópavogi.

Í Mosfellsbæ eru það Helgafellslandið, en það hefur mikið verið í fréttum vegna fyrirhugaðrar tengibrautar sem fer mjög svo fyrir brjóstið á íbúum Álafossvosar, og Leirvogstunga. Í Helgafellshverfi munu rísa 1.020 íbúðir, 560 í sérbýli og 460 í fjölbýli. Í Leirvogstungu mun lágrest íbúðarbyggð rísa enda markmiðið að halda í gott útsýni til Reykjavíkur, Esjunnar og yfir Leirvoginn. Sala lóða í Helgafellshverfi og Leirvogstungu er í fullum gangi.

Reykjavíkurborg opnaði fyrir

skemmstu nýjan vef, www.skipbygg.is, þar sem hægt er að fylgjast með framgangi uppbyggingar nýrra hverfa í Reykjavík. Þar er meðal annars hægt að skoða þau þrjú hverfi sem úthlutað verður úr í ár: Sléttuveg, Úlfarsárdal og Reynisvatnsás. Úlfarsárdalur ríður á vaðið en úthlutað verður í næsta mánuði. Sléttuvegur og Reynisvatnsás fylgja í kjölfarið í september.

Í Hafnarfirði verður uppbyggingu Áslands og Vallanna haldið áfram og í Kópavogi er Vatnsendinn á dagskrá. Samkvæmt upplýsingum frá skipulagssviði Kópavogsbæjar er undirbúningur lóðaúthlutunar í fullum gangi og verður fyrirkomulagið auglýst síðar í sumar.

-tg



Helgafellshverfi í Mosfellsbæ er meðal hverfa sem byggja á upp á næstu árum.

# Yuchai

Mest seldu smá-beltagröfur  
á Íslandi 2006



YUCHAI

## VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is  
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi



Ari Jónsson og Hólmfríður Þorleifsdóttir voru orðin fullsödd af garðvinnu og malbikuðu garðinn.

## Malbikaði garðinn þegar krakkarnir fóru að heiman

Hús í suðrænum stíl og með malbikuðum verðlaunagarði stendur við Hindarlund á Akureyri. Þar búa hjónin Ari Axel Jónsson og Hólmfríður Þorleifsdóttir.

„Þegar við vorum búin að koma krakkaskaranum frá okkur langaði okkur að minnka við okkur. Við fengum Loga Má Einarsson arkitekt til að teikna það og húsið varð síðan að veruleika árið 1997,“ segir Ari Axel Jónsson, sem býr ásamt konu sinni Hólmfríði Þorleifsdóttur í sérstaklega fallegu húsi við Hindarlund á Akureyri. Hindarlundurinn er í nýrri hluta Lundahverfisins sem staðsett er á suðurbrekkunni á Akureyri. Að sögn Ara fékk Logi Már arkitekt frjálshendur við hönnun hússins, með nokkrum skilyrðum þó. „Við vildum hús sem væri passlega stórt fyrir okkur hjónin, en samt það lítið að engin hætta væri á að krakkarnir flyttu aftur heim,“ segir Ari hlæjandi. Húsið er þriggja herbergja og 132 fermetrar með bílskúr. Ari segir Loga Má vera einstaklega frjóan mann enda hafa bæði litir og mósakflísar fengið að njóta sín við hönnunina. Garðurinn í Hindarlundinum er sennilega einn sá sérstak-



Halldór Jóhannesson, arkitekt hjá Teikn á lofti á Akureyri, hannaði garðinn, sem er malbikaður og með steinhleðslum og fallegum palli. Einnig er verið að vinna að fallegum gosbrunni sem á að koma í garðinn seinna í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



Logi Már Einarsson, arkitekt á Akureyri, fékk að leika lausum hala við hönnun hússins. Eina skilyrðið var gott pláss fyrir hjónin sem væri þó það lítið að krakkarnir gætu ekki flutt heim aftur!



Suður-amerískra áhrifa gættir í litagleði og flísam, sem setja framandi svip á þetta fallega hús við Hindarlund.

asti á Íslandi og fyrir hann fengu hjónin verðlaun árið 2003. „Ég er sennilega eini maðurinn á Íslandi sem hefur verið verðlaunaður fyrir leti, því ég hef ekki slegið gras í tíu ár,“ segir Ari brosandí, enda garðurinn allur malbikaður! Að sögn þeirra hjóna áttu þau stóran garð í mörg ár sem Ari segir hafa jafnast á við tún. Sá garður gaf af sér átta poka af heyi á viku og þar sem þau hafa aldrei verið með skepnur fannst þeim þetta algjör óþarfi. Þegar hug-

myndin að nýja húsinu kviknaði var það fyrsta skilyrðið að þar yrði enginn hefðbundinn garður. „Við fengum Halldór Jóhannesson hjá arkitektastofunni Teikn á lofti til að hanna garðinn fyrir okkur. Ég held að annar hver Íslendingur hafi látið sér detta þetta í hug, en ég held að við séum þau einu á landinu sem höfum framkvæmt þetta,“ segja Ari og Hólmfríður, sem eru hæstánægð með malbikið í garðinum og sakna síður en svo grænna garða.

rh@frettabladi.is





Kerfisloft



Svalagler



Steypumót



Gámaeiningar



Stálgrindarhús



Felliveggir



Gler og glerlausnir



Hleðslubryr



Aksturs- og iðnaðarhurðir

Ertu í framkvæmdahug?

# formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · [www.formaco.is](http://www.formaco.is) · [formaco@formaco.is](mailto:formaco@formaco.is)



Gluggar og hurðir



Girðingar



Stigar



Kranar og vinnulyftur




## Litríkir takkadúkar

Gúmmíttakkadúkarnir sem þóttu flottir inni á heimilunum á níunda áratugnum gætu verið að sækja í sig veðrið að nýju. Heimili þar sem öll gólf voru klædd takkadúk prýddi forsíðu marsheftis húsbúnaðar- og lífsstíllímaritsins Living Etc og hafa birst á síðum fleiri tímarita. Gólfdukkarnir heita Norament og eru frá þýska fyrir-tækínu Nora.

„Við sérflýttjum inn þessa dúka en í gegnum árin hefur það fyrst

og fremst verið bandaríski herinn sem hefur notað þá,“ segir Olgeir Þórisson, framkvæmdastjóri Gólfefna Teppalands. Hann segist ekki greina aukna sölu þessara dúka en finnur fyrir því að arkitektar séu aðeins farnir að nota þá meira.

Dúkarnir eru fyrst og fremst hannaðir fyrir stofnanir og eru mjög slitsterkt gólfefni en útlit þeirra og ótakmarkað litáurval gerir þá að skemmtilegu gólfefni fyrir heimili.



Eldrauður Norament-dúkur er flottur við hvíta eldhúsinnréttingu.



Norament-gólfdukkur er slitsterkur og með hálkuvörn.



Litasamsetning í anda níunda áratugarins.



Hér er unnið við gerð fulningahurða í Berki á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

## Hluti af andliti heimilis

Útihurðin gegnir ótvírætt veigamiklu hlutverki á heimilinu. Hún er hluti af andliti þess út á við og hún þarf að vera traust.

„Aðalefni í útihurðum gegnum árin eru mahogany og organ pine. Reyndar voru tekkhurðir vinsælastar þegar ég var að byrja að selja hurðir en við fáum ekki hráefnið í þær lengur. Furu notum við í karma en ekki í hurðir,“ segir Gísli M. Eyjólfsson spurður um algengasta efnið í útihurðunum. Hann er sölu- og markaðsstjóri hjá fyrirtæki sem heitir Börkur og hefur framleitt hurðir og glugga á Akureyri frá árinu 1970.

Gísli starfar í sölueldil fyrirtækisins í Hátúni 6 í Reykjavík. Hann er næst spurður um ráðandi stíl. „Funkis-stíllinn er mikið í tísku núna í byggingum,“ segir hann. „Þessi einfaldi stíll með ferningslöguðum gluggum, fáum póstum og flötum þökum. Hurðirnar taka mið af því. Áður var franski stíllinn í tísku, margpósta gluggar og fulningahurðir. Þetta fer í hringi eins og tískan yfirleitt. Fyrst blandast þetta, svo myndast skýrar línur.“

Gísli hlær þegar hann er spurður hvort ekki sé þá hægt að geyma gamla lagerinn og selja hann eftir nokkur ár. „Sem betur fer er búið að vera það mikið að gera hjá okkur að það myndast enginn lager. Svo er byggingarstíllinn þannig hjá Íslendingum að það er ekkert til sem heitir staðlaðar stærðir í gluggum eða hurðum. Öðruvísi en í nágrannalöndunum þar sem fólk sem þarf að endurnýja glugga getur farið inn í verslun og keypt sér eins glugga og settir voru í húsið í upphafi. Hér er allt sérsmíðað. Það fyrirkomulag vernd-



Gísli við hvíta svalahurð sem opnast út en hann segir flestar aðalútihurðir opnast inn hér á landi vegna vindsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ar okkur fyrir innflutningnum og það gerir hið grimma veðurfar líka. Við þurfum sterkari hurðir og glugga hér en annars staðar í Evrópu.“

Gísli segir gler yfirleitt annað hvort í hurðinni sjálfri eða í hliðarstykkjum því einhvers staðar þurfi birtan að komast inn. En glerið tekur breytingum eins og annað. „Einu sinni voru skrautgler í tísku, síðan komu spegilgler en nú eru filmugler hátískan,“ segir hann og talið berst að bréfalúgunum. Þar gilda vissar reglur.



Trésmíðjan Börkur hefur verið starfandi á Akureyri frá því um 1970 og framleitt hurðir og glugga í stórum stíl. Tækin hafa mikið breyst í tímans rás.

„Lúgunar eru ýmist settar í hliðarstykkinn eða á hurðirnar og þær eiga að vera í ákveðinni hæð, enda er blaðberum og póstum ekki bjóðandi að þurfa að beygja sig niður undir gólf,“ útskýrir Gísli. En skyldu vera einhverjar reglur um hvort snerillinn og lásinn er vinstra eða hægra megin? „Það er gott þú spyrð að því,“ segir hann og heldur áfram. „Þegar fólk ætlar að endurnýja útihurðina er áriðandi að vita hvernig á að panta nýja þannig að hún opnist rétt. Það er alltaf miðað við lamirnar. Hugsum okkur að við stöndum við hurðina þeim megin sem lamirnar eru sjáanlegar, þær séu hægra megin og hurðin opnist inn. Þá köllum við að hurðin eigi að vera „hægri inn“. Svo erum við eingöngu orðnir með þrælæstar hurðir. Þá eru lásar í miðjunni, uppi og niðri og þannig læsingar halda hurðinni þéttari en annars. Við berum ekki ábyrgð á hurðum sem ekki eru með þriggja punkta skrá í dag. Húnninn er togaður upp til að læsingarnar uppi og niðri virki og svo er lykli snúid í miðjuskraninni.“

gun@frettabladid.is

**KÄRCHER**

## Iðnaðarryksugur

*Þegar gerðar eru hámarkskröfur*

**NT 361 Eco/Te**

- Loftsgö: 57 ltr/sek
- Sogkraftur: 235 mbör
- 35 lítra
- Afli: 1380 vött
- Snúra: 7,5 m
- ECO siuhreinsibúnaður
- Með eða án tengils

**NT 611 Eco/Te**

- Loftsgö: 57 ltr/sek
- Sogkraftur: 235 mbör
- 55 lítra
- Afli: 1380 vött
- ECO siuhreinsibúnaður
- Handfang
- Snúra: 7,5 m
- Með eða án tengils

Sihreinsibúnaður  
Ýmsir aukahlutir

**RAFVER**

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS





Arnarfell ehf. Sjalfnarheiti 2 603 Akureyri sí 460-7500 www.arnarfelli.is arnarfell@arnarfelli.is



# Verktakar

í 20 ár

Verktakar  
Steypusala  
Efnisvinnsla  
Jarðgangnagerð



- 1984
- 1985
- 1986
- 1987
- 1988
- 1989
- 1990
- 1991
- 1992
- 1993
- 1994
- 1995
- 1996
- 1997
- 1998
- 1999
- 2000
- 2001
- 2002
- 2003
- 2004
- 2005
- 2006
- 2007
- 2008
- 2009





Svargrjár flísar með gljáa.



Ljósgrátt hefur verið tískuliturinn.

## Flísar eru flottar á hús

Flísar eru í auknum mæli notaðar sem klæðning utan á hús og bjóða upp á marga möguleika í litavali og áferð. Árni Yngvason, söluumaður hjá Vídd í Bæjarlind, fræddi okkur um kosti þess að nota flísar utan á hús.

„Flísar hafa verið notaðar utan á hús í minnst fimmtán ár en það hefur aukist töluvert undanfarna ár,“ segir Árni Yngvason, söluumaður hjá Vídd í Bæjarlind, en fyrirtækið hefur boðið upp á gott úrval af flísum um árabil.

„Við erum með gegnheilar graníflísar sem hvorki upplitast af sól né veðrast og halda því upprunalegu útliti sínu svo árum skiptir,“ segir Árni og bætir við að það spari eðlilega mikinn viðhaldskostnað að nota klæðningu sem ekkert þurfi að gera við árum saman.

„Auk þess er bæði auðvelt og fljótlegt að setja flísarnar upp, sem gerir þær að hagkvæmum

valkosti, en þær eru einfaldlega límdar á undirkerfi, svokallaða álleidara,“ segir Árni og bendir á að þetta sé einnig mjög hentugt utan á hús sem séu einangruð utan frá.

Árni segir flísarnar jafnframt hafa þann kost að þær bjóði upp á endalaus möguleika í áferð, litavali og mynstri.

Þeir hjá Vídd eru með sýnishorn af öllu sem þeir selja í búðinni og eru með góðan lager en yfirleitt tekur ekki nema örfáar vikur að panta það sem kaupandi óskar eftir sé það ekki til á lager.

Aðspurður um hverjir séu tískulitirnir í flísum segir Árni að ljósgrár flísar séu mest teknar. „Annars er allur gangur á því. Margir taka póleraðar flísar með háglans en svo er einnig vinsælt að nota grófar og mynstraðar flísar með náttúrusteinsáferð. Sumir nota jafnvel svartar flísar,“ segir Árni að endingu.

- árd

# Mýkir upp vöðva og liði

Hjónin Daniel Karl Pétursson og Rakel Dögg Norðfjörð stofnuðu fyrirtækið Sána ehf. í byrjun síðasta árs. Fyrirtækið heldur úti netversluninni sana.is þar sem seldir eru infrarauðir sánaklefar.

Daniel segir klefana koma í tveimur flatpakningum heim til fólks, þar sem þeim er smeltt saman. „Svo eru þeir tengdir og loks er stungið í samband,“ segir Daniel og bætir við: „Það eru bara nokkrar skráfur þannig að ef fólk flytur þá er það ekki búið að fórna herbergi í þetta heldur flytur það klefann með sér eins og hillusamstæðu.“

Daniel segir sánuur með infrarauðum hita hafa marga kosti fram yfir hefðbundna sánaklefa. „Þetta er að minnsta kosti ekki örbylgjuofn eins og mörgum dettur fyrst í hug,“ segir hann og hlær. „Við viljum endilega útrýma þeirri mýtu því infrarauðir ljósgeislar eru hluti af sólarljósinu sem við fáum á okkur á hverjum einasta degi þegar við förum út. Þetta hefur ekkert með útfjólubláa geisla að gera,“ bætir hann við alvarlegri í bragði.

„Hitinn í sánuklefunum er sams konar hiti og notaður er í hitakassa fyrir ungbörn, þó að hitinn sé ekki eins mikill þar,“ segir Daniel og bætir því við að vegna



Sánaklefarnir eru til í ýmsum stærðum og gerðum, fyrir einn til fjóra. Hér er þriggja til fjögurra manna hornklefi en í honum er lesljós, útlarp, geislasplari og fleira.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Daniel Karl Pétursson og Rakel Dögg Norðfjörð við sánaklefan sinn sem þau hafa í stofunni og horfa gjarnan á fréttirnar úr.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

þess að þetta séu infrarauðir geislar fari hitinn dýpra inn í húðina en rakinn í hefðbundnum sánuklefum. „Í hefðbundnum sánuklefum sest rakinn utan á húðina og vinnur sig þannig inn í vöðvana. Í infrarauðu sánuklefunum fer hitinn fjóra til fimm sentímetra djúpt inn í líkamann og nær því að mýkja upp liði og vinna betur á vöðvabólgu og fleiru.“ Þá segir

Daniel að hægt sé að sitja lengur inni í infrarauða sánuklefanum en öðrum því þar er enginn raki sem er til öndunarfærin. „Annar kostur við að það sé engin gufa, er að hægt er að hafa klefann til dæmis inni í stofu eða hvar sem er í íbúðinni,“ segir Daniel, sem jafnan horfir á fréttirnar heima hjá sér úr sánuklefanum sínum.

sigidurh@frettabladid.is



### ● VERND GEGN VEGGJARISPUM

Ef maður er nýbúinn að mála heima hjá sér og hræddur við að rispa nýmálaða veggina, til dæmis með myndarömmum, er til gott ráð við því. Maður nær í fjóra blýanta með strokleðri, sker strokleðrin af blýöntunum með hníf og límir þau vel og vandlega aftan á myndarammana. Þannig minnkar hættan á að veggirnir rispist.

BRIGGS & STRATTON

Akralind 4 201 Kópavogur

MHG  
VERSLUN

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@uniparis.is

**Leysir af hólmi K650 og K700**

Partner K1250 / Þyngd 14,8 / Skurdd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvækkvæðla fyrir Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hli BAS

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurddýpt 10 cm  
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurddýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurdd. 14,5 cm.

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurdd. 26,8 cm.

Partner K350 / Þyngd 11,2 kg / Skurddýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurdd. 26,8 cm.

DIMAS hand - kjarnabrennir  
DIMAS hringsgarbiöld  
DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsigunarbíld  
DIMAS kjarnabrennir  
DIMAS kjarnabrennir

**PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD**

The smart way. **DIMAS**





Endurnýjunar- og  
viðhaldskerfi fyrir þök



# Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði. Hin teygjanlega, samskeytalaus gúmmihúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið  
strax í dag þér að  
kostnaðalaus

**696 7282**  
pace@coat.is



**VARMADÆLUR**  
 Ertu á köldu svæði?  
 -kaupu 1 kW af rafmagni  
 -Fáðu 4 kW í hita  
 Lækkaðu kyndikostnaðinn!  
 Ís-húsið 566 6000



Björk Guðmundsdóttir landslagsarkitekt segist vinna út frá þeim hugmyndum sem viðskiptavinirnir komi með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

567 7570 892 7544  
 SÖGUN • BORUN  
**BROT**  
**BORTÆKNI**  
 ÞEKING • REYNSLA  
 www.bortaeakni.is

**STEYPUSÖGUN  
 KJARNABORUN  
 MÚRBROT**

## Engir tveir garðar eru eins

Landslagsarkitektar vinna með eigendum garða að hentugu skipulagi. Garðar fylgja tískusveiflum og arkitektarnir finna fyrir því.

Það er ekki hlaupið að því að gera garð að notalegum stað sem nýtist vel. Þar koma landslagsarkitektar inn í myndina en það færast í vöxt að sérþekking þeirra sé nýtt bæði við skipulagningu nýrra garða og endurnýjun þeirra eldri.

Björk Guðmundsdóttir er landslagsarkitekt og rekur hún, ásamt Ingu Rut Gylfadóttur, landslagsarkitektúr- og skipulagsstofuna Forma. „Við vinnum fjölbætt verkefni út frá óskum viðskiptavinnanna,“ segir Björk. „Flestir koma til okkar með ákveðnar hugmyndir í huga, vilja leiksvæði fyrir börnin, pall eða heitan pott, og við vinnum út frá þeim.“

Þegar Björk hefur fengið óskirnar á hreint fer hún á staðinn, skoðar aðstæður, tekur myndir og verður sér úti um grunnteikningar að húsi og lóð. „Í framhaldi af því teiknum við upp frumdrög að lóðarhönnun. Svo hittum við viðskiptavininn aftur og förum yfir teikningarnar,“ segir Björk. „Þá er algengt að smá athugasemdir



Einn af gördunum sem Björk hefur hannað.

komi fram, einhverju sé breytt og öðru bætt við, allt eftir því hvað fólk vill. Því næst er bara að fullvinna teikningarnar.“

Engir tveir garðar eru eins og sömuleiðis eru engir tveir viðskiptavinir eins. Hver verður að sníða sér stakk eftir vexti og hefur Björk stundum þurft að draga úr væntingum viðskiptavina. „Sumir vilja mikla gróðursæld, langar innkeyrslur og risastórar stytur í garðinn án þess að garðurinn bjóði beint upp á það. Þá vinnur maður

bara með fólk og kemst að lokum að góðri niðurstöðu,“ segir Björk.

Rétt eins og flest í manngerðu umhverfi okkar fylgja garðar ákveðnum tískusveiflum. „Í dag vilja flestir fá viðhaldslitla og einfalda garða, svona fúnkís garða,“ segir Björk. „Pallar og pottar eru alltaf mjög vinsælir og núna eru útsturtur einnig orðnar vinsælar. Það er einhver sjarmi yfir því að fara í sturtu undir berum himni, sjarmi sem fólk sækist eftir.“

-tg

**Nordsjö International**

Þegar gæðin skipta máli við að mála...

**SérEfni** ehf. Lág múli 7, bakhús. Sími 517 0404  
 Opið frá 0800-1800 alla daga og á laugardögum frá 10-14



# Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins.  
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

 **JKE  
DESIGN**

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík  
sími 515 0700 [www.jke-design.is](http://www.jke-design.is)



# Gamlar gólfjalir öðlast nýtt líf

Að mörgu þarf að huga þegar gera á upp gamlar gólfjalir og oft getur borgað sig að fá fagmenn til starfa.

„Ætli menn á annað borð að halda gömlum gólfjölum er best að byrja á að plana þær niður,“ segir Bolli Guðbjörn Magnússon, sérfræðingur í viðgerðum og viðhaldi á gólfjölum. „Með plönun á ég bara við slípun. Slípað er 45 gráður til hægri og vinstri og svo er slípað á fjalirnar eins og þær liggja.“

Sérstakar slípivélar eru not-



Gamlar gólfjalir geta orðið mjög fallegar ef þær eru slípaðar.

aðar til verksins að sögn Bolla. „Ekki er óalgengt að margar vélar þurfi í hvert verk, á bilinu þrjár upp í fimm. Þá er þykkt sandpappírsins látin ráðast af því hversu mikið þarf að vinna í gólfinu, en allur gangur er á því.“

Bolli segir það síðan háð stærð gólfflatarins og ástandi fjalanna hversu langan tíma taki að klára verkið. Gólfslípun sé vandasamt verk og geti tekið drjúgan tíma, alveg frá þremur dögum og upp í viku, svo útkoman sé góð. Þar af leiðandi sé ekki nema fyrir fagmenn að vinna við hana. „Það sparar bæði vinnu og tíma að kalla vana menn til leiks. Ég hef nokkrum sinnum komið í húsnæði þar sem eigendur hafa reynt að slípa gólf með litlum sem engum árangri. Gólfslípun er ekki fyrir hvern sem er.“

Að slípun lokinni segir Bolli gott að sparsla í glufurnar á milli gólfjalanna, séu þær á annað borð breiðar. „Maður sparslar vel og vandlega með spaða. Það getur tekið tvo daga þar sem sparslið þarf að þorna á milli og sígur alltaf eitthvað niður. Svo eru fjalirnar slípaðar aftur til að ná sparslinu ofan af þeim, en með finni sandpappír en áður, og drullan sem losnar ryksuguð eða sópuð í burtu.“

Loks þarf að bera á fjalirnar



Bolli Guðbjörn Magnússon segir best að kalla fagmenn til starfa þegar slípa eigi gólfjalir og mikilvægt að vera vel útbúinn af tækjum og tólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ar en Bolli segir að hægt sé að velja um margar tegundir efna. „Það fer bara eftir smekk hvers og eins hvaða efni eru notuð, lakk eða olíur, en tilgangurinn er alltaf sá sami. Efnin eru borin á til að

verja fjalirnar og gera þær mattari, svo óhreinindi sjáist síður á þeim.

Ef olía er borin á þarf að endurtaka leikinn sex mánuðum til ári síðar. Lakk þarf hins vegar

ekki að bera á nema á þrjátíu til fjörutíu ára fresti og það er betri kostur hafi menn á annað borð þurft að sparsla. Þá ættu þeir að vera í góðum málum.“

roald@frettabladid.is


**B G** BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.  
KLETTHÁLS 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 567 4222 • FAX 567 4232

Á undanföllum árum hefur það fæst í vexti að gens upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir hús aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar takaveifur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þekkingar-

og veggklæðingum úr bárujárni. Allar fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ívellt til á lagun. Það er mikil fagmenn með ástuga reynslu eru til staðar og veita tekiðlegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.



Þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir



Flísar, parkett og innihurðir eru meðal þess sem kaupa má hjá Agli Árnasyni á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

## Akureyringar vilja hafa fínt heima hjá sér

„Við erum að koma norður í fyrsta skiptið en fyrirtækið er 73 ára,“ segir Sigurður Rúnar Marinósson, verslunarstjóri Egils Árnasonar, en verslunin var opnuð á Akureyri í mars. Sigurður Rúnar telur nægan markað fyrir verslunina á Akureyri. „Ef maður er með góða og vandaða vöru er markaðurinn tvímælalaust til

staðar,“ segir Sigurður en verslun Egils Árnasonar fyrir norðan er í 400 fm húsnæði við Baldursnes 6. Sigurður Rúnar segir að vinsælustu vörurnar verði á lager á Akureyri en aðrar verði hægt að pantast að sunnan. Spurður hvort hann hafi áhyggjur af móttöku Akureyringa segir hann ekki svo vera. „Ég starfaði um tíma í versluninni fyrir sunnan og hitti þá reglulega Akureyringa sem höfðu skellt sér suður til að versla hjá Agli Árnasyni. Þess vegna held ég að Norðlendingar taki okkur opnum örmum. Akureyringar vilja hafa fínt heima hjá sér og það er mikill uppgangur í bænum. Margir eru að breyta og bæta og fólk leggur mikið upp úr því að hafa fínt heima hjá sér.“



Sigurður Rúnar Marinósson verslunarstjóri.

-íðh



# ÁL ER OKKAR MÁL



## Valsað báruál

Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál. Áttak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti fyrirleggjandi á lager:

Ólitað ál	
RAL 3002	Rautt
RAL 3009	Rautt
RAL 5009	Blátt
RAL 7016	Dökkgrátt
RAL 9006	Silfurmetalíc
RAL 9010	Hvít
RAL 9007	Dökkur Metalíc



## Horfðu til himins

Gæða þakgluggar á sérstöku tilboði út október.

Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98  
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áttak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

RAL 3009 RYÐRAUTT  
RAL 9005 SVART  
RAL 9010 HVÍTT




**HÚSASMÍÐJAN**  
Sími 525 3000 • www.husa.is

Söluaðili:  
Verslanir Húsasmiðjunnar um land allt



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík  
Sími: 577-4100 • Fax: 577-4101  
GSM: 898-0860 • altak@altak.is • www.altak.is





Haraldur segir að með aukinni tækni sé betur hægt að sýna viðskiptavinum hvernig húsin muni koma út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Tryggvagata 18 er eitt af þeim verkefnum sem Haraldur er að vinna í.

## Hærri staðall en áður

Haraldur Ingvarsson arkitekt er einn af eigendum arkitektastofunnar +Arkitektar. Hann segir að ýmislegt hafi breyst á þeim tíma sem hann hefur starfað sem arkitekt.

Haraldur er einn af þremur eigendum arkitektastofunnar +Arkitektar sem tekur að sér margs konar verkefni. „Verkefni eru allt frá því að vera vöruskemmur og bílskúrar upp í einbýlishús og fjölbýlishús og allt þar á milli. Við vinnum bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, í deiliskipulagi og bara hverju sem kemur upp. Við höfum svolítið mikið verið að stússast í kringum miðbæinn í

Reykjavík en við erum líka með verkefni í Hafnarfirði, Kópavogi og bara hingað og þangað um bæinn,“ segir Haraldur.

Ýmislegt hefur breyst síðan Haraldur hóf störf sem arkitekt að hans sögn. „Ég hef starfað við þetta í tuttugu og eithvað ár og það er alltaf einhver þróun. Núna er til dæmis hægt að setja allt upp í þrívíddarlíkön og það held ég að sé mesti munurinn frá því fyrir fimm til tíu árum síðan þegar menn voru bara með grunnmyndir og svona einfaldar þrívíddarmyndir. Það er hægt að sýna allt miklu betur og nákvæmar þannig að kúnninn gerir sér almennilega grein fyrir því hvað hann er að fara út í. Það er er líka margt sem

hefur breyst í húsunum sjálfum og alls konar tölvustýrðir hlutir komnir inn.

Svo finnst mér líka að viðhorfið hjá fólki hafi svolítið breyst. Þegar ég var að byrja í þessu starfi gekk þetta meira bara út á að byggja hús utan um einhvern til þess að búa í. Núna er fólk farið og hafa ákveðnari skoðanir og hærri standard.“

Haraldur segir að svokallaður funkis-stíll sé mjög vinsæll og töluvert um að ný hús séu byggð í honum. „Það má í raun og veru allt á öllum tímum, en funkis-stíllinn er voðalega ráðandi núna og allt í þeim anda, sérstaklega í nýbyggingum á einbýlishúsum,“ segir hann. *emilia@frettabladid.is*

Viðhaldsfrjár

# ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfrjár“ þakrennur. Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða


Varmaskiptasamstæður  
loftræstistokkar og tengistykki



**HAGBLIKK ehf.**

Smiðjuvegi 4C  
Box 281 202 Kópavogur  
Sími 587 2202 Fax 587 2203  
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is





## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTTING

# pgv



PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur og svalalokanir úr PVC-u. Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

**Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**



# Hvítir listar vinsælastir

Alengt er að þeir sem eru að gera upp gömul hús leiti til fyrirtækisins Listans, sem sérhæfir sig í skrautlistum, parkettlistum og frönskum gluggum í hurðir.

Í Akralind í Kópavogi er byggingavörverslunin Listinn. Þar er að finna ýmsar gerðir lista á gólf og loft, auk falda og stokka. „Fyrirtækið hefur verið starfrækt



Sérsmíðnir listar eru algengir í gömlum húsum.

í nokkurn tíma, síðan árið 2000,“ segir Sigurður Gylfi Sigfússon, starfsmaður Listans. „Við framleiðum ýmsa lista og sérsmíðum fyrir fólk þegar þess er óskað.“

Sigurður segir að algengast sé að leitað sé til Listans þegar verið sé að gera upp gömul hús. Þá þurfi oftast ekki að sérsníða listana, utan um pípur til dæmis, og þá komi reynsla og þekking starfsmanna Listans sér vel. „Ef fólk er á höttunum eftir listum er best að það annað hvort skoði heimasíðu okkar, [www.listinn.is](http://www.listinn.is), eða komi í heimsókn, skoði úrvalið og fái ráðgjöf,“ segir Sigurður.

Tískusveiflur eru í listavali fólks og það vinsælasta núna er hvítir listar. „Þetta eru hvítir tilbúnir listar sem smellt er á festingar á veggjum,“ segir Sigurður. „Hægt er að koma fyrir leiðslum bak við þá þannig að þeir eru mjög hentugir þegar fela þarf snúru.“

Listinn býður einnig upp á svokallaða franska glugga í innihurðir. Þá er seldur pakki með öllu efni (nema glerinu sjálfu) og er hægt að velja milli þess að setja gluggana í sjálf(ur) eða fá aðstoð. „Það er tilvalið fyrir handlagna að fást við þetta sjálfir, en við erum alltaf tilbúnir að aðstoða,“ segir Sigurður.

tryggvi@frettabladi.is



Fyrir hvern seldan fermetra í gulllínunni leggur Harðviðarval til eitt tré til skóráttar.

## Gulllínan skilar skógi

Margir kjósa að nýta sér gulllínuna Harðviðarvals en í henni velja viðskiptavinir gólfefnið á meðan starfsmenn Harðviðarvals sjá um afganginn. Fyrir hvern seldan fermetra er eitt tré gróðursett.

Harðviðarval býður upp á sérstaka gulllínuna þar sem starfsmenn fyrirtækisins sjá um að parkettleggja fyrir viðskiptavinum. Ekki er vísað á aðra aðila eins og venjan er, heldur sér fyrirtækið sjálft um framkvæmdina. „Innifalið í gulllínunni er mæling á gólfleti, heilir pakkar sem sýnishorn, hljóðeinangrandi undirlag, gólflistar, fráganglistar, sóplistar, T-listar, lím og naglar og annað sem til þarf til verksins,“ segir Björn Matthíasson, sölu- og markaðsstjóri Harðviðarvals. „Við keyrum efnið heim til viðskiptavinar og leggjum svo að sjálfsgöðu parketið. Svo þrífum við eftir okkur og tökum til baka allt ósagað efni, sem við endurgreiðum.“

Björn segir gulllínuna vel nýttu enda sé lagning gólfefnis oft loka-hnykkurinn áður en húsnæði er tilbúið. Fólk er orðið óþolinmótt og vill drífa í því að komast inn í húsnæðið. „Það er búið að bíða eftir píparanum, málaranum, múrararanum og það vill ekki bíða lengur,“ útskýrir Björn. „Hjá okkur getur það valið efni og við setjum niður dag til verksins. Sú dagsetning stenst alltaf og við förum ekki fyrir en við erum búnir að klára verkid.“

Eitthvað kostar þetta allt, enda ekkert ókeypis í þessum heimi. Þjónustan sem felst í gulllínunni kostar 4.290 krónur á fermetrann.



Björn segir gulllínuna vinsæla enda gólfefni það síðasta sem klára þurfi áður en flutt er inn í íbúð og fólk því oft orðið óþreyjufullt að klára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá fær maður líka skógarlund í kaupbæti.

Harðviðarval hefur einsett sér að gróðursetja eitt tré fyrir hvern seldan fermetra í gulllínunni. Það er gert í samstarfi við Skógrækt ríkisins. „Við höfum haldið utan um fermetrafjöldann frá upphafi

og við erum að skoða hvort við ættum að búa til einhvers konar Harðviðarvalsreit þar sem skógar væri ræktaður,“ segir Björn. „Hver sem niðurstaðan verður munum við gróðursetja tré og þar sem gulllínun er vel nýtt verður þetta heill skógar.“

- 19



Sigurður Gylfi vinnur í Listanum, byggingavörverslun sem sérhæfir sig í gólf- og loftlistum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## TILBOÐ Á TRÉSMÍÐAVÉLUM *MiniMax*



**S 45 Bandsög**

Verð áður: 231.900  
Verð nú: 194.593



**Rennibekkur T 124**

Verð áður: 225.345  
Verð nú: 159.360  
Með copy unit: 225.345



**C26sambyggð trésmíðavél**

Basic útgáfa Verð áður: 404.625 Verð nú: 343.620  
Deluxe útgáfa Verð áður: 466.875 Verð nú: 397.155

Sög fræsari og hefill  
Hallanlegt sagarblað  
3 x 2hp mótórar  
Eins fasa/þriggja fasa

Öll verð eru með vsk

**10% afsláttur af öllum öðrum Minimax vélum.**

**Eigum mikið úrval af nýjum og notuðum vélum á lager**

**IDNVELAR -Hvaleyrarbraut 20 - S: 414 2700- [www.idnvelar.is](http://www.idnvelar.is)**





**... ekki bara legur !!**

**DRIFKEÐJUR**

**VERKFÆRI**

**REIMAR**

**ÁSTENGI**

**TANNHJÓL**

**REIMSKÍFUR**

**KLEMM-  
FÓÐRINGAR**



LANDVELLAR



**LANDVÉLAR**

Smiðjuvegí 66 - 200 Kópavogi  
www.landvelar.is S. 580 5800



**STRAUMRÁS**

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288





**D-Wall**  
Sindri býður nú gæða áklæðningu frá Otefal á Ítalíu, D-Wall, með mjög veður og slitþolinni PVDF yfirborðshúð á framhlið og sterkri epoxy húð á bakhlið. Klæðningarnar eru í hæstu efnisgæðum, AIMg3, fáanlegar í ýmsum efnisþykktum og stærðum og einnig sem báruál. Fjöldi lita til á lager.

# Byggingalausnir í Sindra

- ▶▶▶ D-Wall áklæðningar
- ▶▶▶ Rheinzink
- ▶▶▶ Þakkopar
- ▶▶▶ Neobond klæðningar
- ▶▶▶ Stálklæðningar



## Undirbyggingarkerfi fyrir klæðningar og flísar

Ál-undirbyggingarkerfið hentar undir allar gerðir klæðninga svo sem:

Áklæðningar  
Neobondklæðningar  
Timburklæðningar  
Flísar

## Stigar

Hringstigi frá Weland er í flestum tilfellum mjög hagkvæm lausn. Í mörgum tilfellum falla þeir vel að umhverfinu og hafa þannig oft spilað stórt hlutverk í arkitektúr húsa, bæði innandyra sem utan.

Þjóðum einnig upp á beina stiga og klifurstiga.



## Iðnaðarhurðir

Loading hurðir eru aðgengilegar, sterkar og eru markaðsleiðandi lausn.

Þetta er vinsæl útihurð fyrir m.a. iðnaðarhúsnæði, vöruhús, landbúnað, bílageymslur og bílskúra og uppfyllir útlitslegar sem og verklegar væntingar sem gera má til hurða.



## Handrið

Weland framleiðir falleg svalahandrið úr áli. Handriðin má fá í ýmsum útgáfum t.d. með lóðréttum prófilum, klæddum með gleri, opinni grind, tilbúin undir Neobond klæðningu o.fl. Margar tegundir handlista einnig fáanlegar.



## Girðingar

Adronit er þýskur framleiðandi girðingalausna fyrir fyrirtæki, stofnanir, kirkjugarða og kröfuharða einstaklinga.

Fyrirtækið er þekkt víða í Evrópu fyrir gæði og áreiðanleika og vörur þess uppfylla ströngustu EN-kröfur. Komin er áratuga reynsla á vörur Adronit á Íslandi.



# SINDRI

Klettagarðar 12 Sími: 575 0000 [www.sindri.is](http://www.sindri.is)  
Strandgötu 75 Hafnarfirði - Draupnisdötu 2 Akureyri - Viðarhöfða 6 Reykjavík





# ahagslífið

öngnun sína. Óli Kristján Ármannsson  
tryggja geiranum sem vænlegast

erum. „Hækkun skammtíamavaxta getur haft áhrif á langtíamavexti með nokkurri töf. Því gætu áhrif hækkunar skammtíamavaxta síðastliðið ár enn átt eftir að koma fram. Einnig skiptir miklu máli með hvaða hætti og hversu hratt verður undið ofan af því ójafnvægi sem ríkir í heimsbúskapnum og einkennist af ofsparnaði í sumum heimslutum sem hefur stuðlað að lágum vöxtum og vansparnaði í öðrum löndum.“

Seðlabankinn segir líkur þess að ofgnótt sparnaðar hverfi og fjármálegu skilyrði versni skyndilega velta á því hve sennilegar og hraðar breytingar geti orðið á verðbólguálagi í heiminum, aukinni fjárfestingu, minnkandi áhættufælni gagnvart hlutabréfum, eða að olíuútlutningsríki og nýmarkaðsríki dragi úr uppbyggingu gjaldyrisforða. „Að einhverju leyti kunna þessir undirliggjandi þættir að vera viðvarandi og því ekki líklegt að vextir hverfi aftur til stöðu sinnar fyrir rúmum áratug og enn síður til vaxtastigs níunda áratugarins. Þá voru alþjóðlegir vextir óvenjuháir í sögulegu samhengi. Hitt er annað mál að jafnvel tiltölulega hófleg tímabundin hækkun vaxta gæti haft umtalsverð áhrif á þau lönd sem búa við mest ójafnvægi í utanríkisviðskiptum, þar á meðal Ísland.“

## BANKARNIR STANDAST ÁLAGSPRÓF

Í riti sínu um fjármálastöðugleika fyrra greindi Seðlabankinn frá útreikningum á áhrifum verulegrar hækkunar erlendra vaxta, gengislækkunar og lækkunar eignaverðs á bankana. Álagsprófið var endurtekið í skýrslu þessa árs og gert ráð fyrir nokkru meiri lækkun gengis krónunnar og íbúðaverðs en áður. „Dyndu öll þessi áföll yfir á sömu stundu sýna útreikningarnir að samdráttur þjóðarútgjalda gæti orðið töluvert meiri en í grunnspá Seðlabankans í síðustu Peningamálum,“ segir í ritinu en álagið á

fjármálakerfið sagt ráðast að nokkru leyti af hraða aðlögunarinnar og viðbrögðum bankanna sjálfra við henni.

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, segir að samkvæmt reiknilíkani Seðlabankans sé vænt útlánatap bankanna sé 0,53 prósent af heildarútlánnum, en hann fór ofan í saumana á skýrslu bankans á fundi í síðustu viku. Vænt útlánatap er svo borið saman við afskriftarreikning bankanna, en hann er vel yfir þessum mörkum, 0,82 prósent af útlánnum þeirra. Bankinn reiknar hins vegar líka út óvænt útlánatap og þyrfti þá eigið fé bankanna að geta staðið undir því ef afskriftarreikningurinn nægði ekki til. Útreikningar bankans sýna hins vegar afskriftarreikningar bankanna myndu standa undir þó nokkrum breytingum til hins verra. Þetta segir Tryggvi styðja mat Seðlabankans, sem segir fjármálakerfið betur búið undir að mæta áföllum en fyrir ári síðan með sterkari lausafjár- og eiginfjárstöðu. „Þá byggja stóru viðskiptabankarnir á fjölbreyttum tekjuginni sem nær til margra landa. Það er einnig kostur að þeir hafa farið nokkuð ólíkar leiðir í sókn sinni. Eggjum bankanna er því dreift í margar körfur og því minni ástæða til að óttast afleiðingar óvænts álags á fjármálakerfið,“ segir í áliti Seðlabankans.

Helstu áhættuþættirnir fyrir fjármálakerfið varða að sögn Seðlabankans ójafnvægið í þjóðarbúskapnum og geta valdið áframhaldandi viðskiptahalla, hækkun erlendra skulda og lækkun gengis krónunnar. „Áhættan sem í þessu felst er síst minni en fyrir ári og hækkun á vöxtum og vaxtaálagum erlendis gæti haft víðtæk áhrif. Á hinn bóginn hefur stórlega dregið úr óvissu um aðgengi bankanna að fjármagni og þeir hafa byggt upp rúma lausafjárstöðu.“

## NÆSTA RÍKISSTJÓRN TAKI TIL HENDINN

Í skýrslu SFF um fjármálastarfsemi hér á landi eru svo hins vegar tíundaðar margvíslegar staðreyndir um vöxt fjármálastarfsemi hér og áhrif á samfélagið. Meðal annars kemur þar fram að áætla megi að ávöxtun lífeyrissjóðanna af eignum þeirra í íslenskum fjármálafyrirtækjum á síðustu 10 árum nemi um 160 milljörðum króna. Vöxtur fjármálafyrirtækjanna er þannig sagður hafa aukið meðaleign hvers hinna 180 þúsund sjóðfélaga um 900 þúsund krónur. Bjarni Ármannsson vék í ræðu sinni á fundi samtakanna að nauðsyn þess að fjármálafyrirtækin störfuðu áfram við hagfelld skilyrði ætti fjármálamarkaður að halda áfram að vaxa og dafna og stuðla að framförum og velsæld. Hann segist binda vonir við að ný ríkisstjórn komi til með að viðurkenna fjármálageirann sem leiðandi atvinnugrein og fylgi eftir hugmyndum um alþjóðlegt fjármálaumhverfi hér á landi.

„Segja má að Alþingi hafi af framsýni skapað á síðasta áratug umhverfi til þess að byggja upp alþjóðlega starfsemi sem nýtir menntun til framfara. Hins vegar hefur tiltölulega lítil þróun orðið í starfsskilyrðum á því kjörtímabili sem nú er að ljúka. Kannski er það ekki nema von þegar á Alþingi heyrast þau viðhorf að ein atvinnuvegrein sem vill

svo til að veitir um sex þúsund manns vinnu, borgar hæstu skattana, greiðir hvað bestu launin og býður upp á mesta starfsöryggið ætti ef til vill að koma sér úr landi. Svona málflutningur felur í sér skýr og sérlega neikvæð skilaboð,“ segir Bjarni og telur aðkallandi, vegna breyttra samkeppnis-skilyrða í alþjóðlegu umhverfi, að taka ákvarðanir um næstu skref. Vísar hann þar bæði til þeirra möguleika sem hér séu á að byggja upp alþjóðlega fjármála-starfsemi og þess að alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar hér séu að komast á nýtt þróunarstig. „Ég fullyrði að það er ekki vilji íslensku þjóðarinnar að fjármálafyrirtækin flytji höfuðstöðvar sínar úr landi,“ segir Bjarni og telur fjármálageirann verða leiðandi afl í virkjun þekkingunni sem leggja muni grunninn að auðsæld þjóðarinnar og verðmætasköpun til frambúðar.

Í skýrslu SFF um stöðu fjármálafyrirtækja er á það bent að umfang einstakra atvinnugreina sé einn þeitta þátta sem auðkenni þjóðir. „Hlutdeild fjármálastarfsemi í þjóðarþúinu hefur aukist hratt undanfarin ár. Meðan landbúnaður var undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga kölluðum við okkur bændapjóð. Þegar sjávarútvegur varð síðar undirstaða atvinnulífsins voru Íslendingar fiskveiðipjóð. Í kjölfar stóriðjuframkvæmda undanfarinna ára hafa sumir velt því fyrir sér hvort við Íslendingar erum orðin stóriðjuþjóð,“ segir í skýrslunni, en um leið bent á að sú atvinnugrein sem verið hafi í hvað örustum vexti sé hvorki sjávarútvegur né stóriðja, heldur fjármálastarfsemi. „Til að varpa ljósi á umfang fjármálageirans og mikilvægi hans fyrir þjóðarbúið er rétt að skoða hlutdeild í landsframleiðslu. Í lok árs 2005 nam framlagið 8,8 prósentum og má ætla að það hafi hækkað síðan þá. Íslensk fjármálafyrirtæki juku verulega umsvif sín á árinu 2006, svo gera verður ráð fyrir að hlutfallið á Íslandi sé nú enn

hærra, jafnvel nær 10 prósentum.“ SFF minnir á að sem hlutdeild af landsframleiðslu hafi fjármálaþjónusta farið fram úr sjávarútvegi þegar árið 2004. „Framleiðsluþjóðfélag er að breytast í þjónustuþjóðfélag. Kannski erum við að verða fjármálaþjóð?“ spyrja samtökin.



Á KYNNINGU SEÐLABANKANS Á FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKA 2007 Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason seðlabankastjórar.

## Með bestu skýrslum sinnar tegundar

Úttekt Seðlabanka Íslands á fjármálastöðugleika er meðal þeirra bestu sinnar tegundar í heiminum og öðrum bönkum til eftirbreytni, að mati Alex Bowen, ráðgjafa á greiningardeild peningasviðs Englandsbanka. Hann er einn af frumkvöðlum við gerð skýrslna um fjármálastöðugleika, en hann er fyrrverandi yfirmaður fjármálastöðugleikadeildar Englandsbanka. Seðlabanki Íslands fól honum að gera álitssgerð um vinnu bankans og birti í ritinu.

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, vék nokkrum orðum að aðkomu Bowens á kynningu bankans á skýrslunni um miðja síðustu viku. Bowen fór yfir skýrslu bankans frá því í fyrra og gaf álit sitt og ráðleggingar um hluti sem betur mættu fara og segir Tryggvi að hægt hafi verið að taka tillit til þeirra að hluta við gerð nýjustu skýrslu bankans um fjármálastöðugleika. „Alex Bowen telur að fjármálastöðugleikaskýrsla Seðlabanka Íslands sé meðal þeirra bestu. Það eru 50 seðlabankar sem birta svona úttektir. Miðað við hversu þróuð skýrslan er getur Seðlabanki Íslands lagt þó nokkuð af mörkum til að bæta bestu framkvæmd alþjóðlega,“ hefur Tryggvi eftir Bowen.

## SAMANBURÐUR Á ARDSEMI EIGIN FJÁR\*


Íslensku bankarnir	39,4%
Danske Bank	17,5%
Nordea	22,9%
DnBNOR	19,5%
Deutsche Bank	22,2%
Royal Bank of Scotland	19,0%
Citigroup	18,8%

\* Meðalarðsemi eigin fjár stóru íslensku viðskiptabankanna, Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, árið 2006 borin saman við nokkra stóra erlenda banka.

Heimild: Samtök fjármálafyrirtækja

## TÖLUR UM FJÁRMÁLASTARFSEMI HÉR Á LANDI

Framlag til hagvaxtar árin 2001 til 2005




Heimild: Samtök fjármálafyrirtækja.

Álagning tekjuskatts lögaðila 2005



Heimild: Hagfræðisetur HÍ

Skipting útlána bankanna 2006





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Gæta þarf þess að forstjóraskipti hjá Glitni færi ekki óvildarmönnum íslensku bankanna vopn í hendur.

## Ekki má rýra traust sem byggt hefur verið upp

Óli Kristján Ármannsson

Nokkur tímamót urðu hjá Glitni banka í byrjun vikunnar. Breytingarnar koma í kjölfar breytinga á eignarhaldi bankans í byrjun apríl þegar Karl Wernersson og Einar Sveinsson seldu í bankanum hlutabréf fyrir rúma 70 milljarða til Baugs og viðskiptafélaga. Ný stjórn var kjörin á hluthafafundi og strax eftir fundinn var tilkynnt að Bjarni Ármannsson, forstjóri bankans, hefði kosið að láta af störfum. Tilkynnt var um eftirmann Bjarna, ungan og efnilegan bankamann að nafni Lárus Welding sem starfað hefur fyrir Landsbankann í Lundúnum og leitt uppbyggingu þar.

Ekki er laust við að læðist að manni sá grunur að breytingarnar hjá Glitni séu til þess fallnar að færa óvildarmönnum íslensku bankanna nokkur vopn í hendur. Mikið þúdur var lagt í að bæta ímynd íslenskra fjármálafyrirtækja síðasta vor og sumar og leiðréttá ýmsar rangfærslur erlendra greiningarfyrirtækja og fjölmiðla. Þar fór Bjarni Ármannsson fremstur í flokki. Eins getur umrót í eignarhaldi eins banka haft áhrif á hag þeirra allra fari af stað á ný umræða um að íslensk fjármálafyrirtæki séu ef til vill ekki traustsins verð. Breytingar og óvissa sem fylgdi breyttu eignarhaldi Glitnis í síðasta mánuði eru þannig að öllum líkindum þeir þættir sem stærstan þátt eiga í að skuldabreytingarálög (CDS) á skuldabréfaútgáfu bankans hefur hækkað. Hærra skuldabreytingarálög þýðir að dýrara er fyrir bankann að fjármagna sig. Álagið var lengi vel minnst á bréf Glitnis en er nú minna á bréf Landsbankans.

Skuldabreytingarálög á bréf bankanna hefur hins vegar farið lækkanði og endurspeglast í því sigur í umræðunni um bága stöðu íslensks hagkerfis og áhrif þess á hag bankanna. Þá er ástæðulaust að gefa sér að umskiptin hjá Glitni kalli endilega á neikvæð viðbrögð. Bæði er það að öflugur maður kemur í manns stað og eins að Bjarni Ármannsson fer ekki frá bankanum í neinu fússi. Sjálfur segir hann að breyttu eignarhaldi fylgi ákveðin tímamót og sjálfur hafi hann notað tækifærið til að endurmeta stöðu sína og framtíðaráætlanir. Saga hans í bankanum spannar tíu ár. Hann hóf störf sem forstjóri FBA árið 1997 og varð forstjóri Íslandsbanka við sameiningu bankanna árið 2000.

Næstu vikur og jafnvel mánuði segist Bjarni muna starfa við hlið nýs forstjóra og vinna að því að forstjóraskiptin gangi snurðulaust fyrir sig. Hluti af því ferli segir Bjarni vera fundahöld með greiningar- og matsfyrirtækjum þar sem farið verði yfir og skýrðar breytingarnar hjá bankanum. Þá hjálpar líka til það aðhald sem felst í regluverki og eftirliti með fjármálamarkaði hér. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins varðandi myndun virks eignarhluta í bankanum, þótt hún virðist í fyrstu andsnúin stærstu eigendum, styður langtímahagsmunum bankans. Mjög mikilvægt er enda að ekki falli skuggi á trúverðugleika innlends fjármálaeftirlits og langtímahagsmunir eigenda bankans ekki síst í því fölgirnir að Fjármálaeftirlitið haldi uppi ákveðnum aga.

Miklu skiptir að vel takist til við stórfelldar breytingar á jafnvíðkvæmum markaði og fjármálamarkaðurinn er. Eins og á málum er haldið virðist sem hægt ætti að vera að leiða þessar breytingar farsælega til lykta.

eggert@markadurinn.is | haffidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | oliv@markadurinn.is

# Markaðssetning á veraldarvefnum

ORD Í BELG

**Davíð Klemenzson,**  
internetráðgjafi  
hjá Econ ehf.



## LEITARVÉLASKRÁNING

Vefnotendur vita, að þegar vefleitarvélur eru mataðar á spurningu eða leitarorði, svara þær jafnan með fjölmörgum niðurstöðusíðum. Þær geta jafnvel numið hundruðum, þegar um er að ræða algengar spurningar. En hvernig geta umsjónarmenn vefsíðna búið svo um hnútana, að síður þeirra finnist ofarlega á niðurstöðulistanum?

Fyrsta skrefið er að skrá vefsíður skipulega og af fagmennsku í helstu leitarvélur. En það er aðeins fyrsta skrefið. Til að ná árangri þarf að ganga lengra. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að meiri hluti þeirra, sem spyrja vefleitarvélur, athuga aðeins fyrstu niðurstöðusíðuna. Aðeins einn af hverjum fjórum opnar þá þriðju. Galdurinn felst því í, að lyfta ákveðinni vefsíðu eins ofarlega og kostur er, svo markhópur hennar finni hana bæði fljótt og auðveldlega.

Margir umsjónarmenn vefsíðna vita lítið um hvernig leitarvélur virka í raun. Af þeim sökum getur þeim reynst erfitt að markaðssetja vörur sínar eða koma upplýsingum sínum á framfæri með þeim hætti, sem getið er um hér að ofan. Mikið er í húfi, því veraldarvefurinn hefur á síðustu árum orðið sífellt öflugra markaðstæki og mun vísast vaxa enn á næstu árum. Vegna þessa þarf að vanda vel til leitarvélskráningar, sem

getur veitt ríkulegan ávöxt, sé vandað vel til verka þegar í upphafi. Má þar nefna eftirfarandi atriði:

- Aukinn sýnileika vefsíðu
- Betri kynningu á vörum og þjónustu
- Birtingu vörumerkja og umboða
- Forskot á samkeppnisaðila
- Tengingu við markhópa

En þegar fullnægjandi leitarvélskráning hefur átt sér stað þarf að fylgja henni eftir, þar sem fylgst er með hvaða árangri skráningin hefur skilað og hvernig mætti enn auka við sýnileika síðunnar. Þar má beita ýmsum aðferðum, en reynslan hefur sýnt að svokölluð leitarvélabestun er einna árangursríkust.

## LEITARVÉLABESTUN

Til að fá leitarvélur til að hlæða undir ákveðna vefsíðu þarf að vita hvernig þær starfa. Vinnsla helstu leitarvéla er með þeim hætti, að þær vafra um vefinn og safna þaðan upplýsingum til að skrásetja í gagnagrunna með vísan í uppflettiorð. Niðurstöðunum er síðan raðað eftir áætluðu mikilvægi, út frá ákveðnum forsendum. Þannig er ljóst, að árangursrík markaðssetning á vefnum felst í að fá leitarvélarnar til að raða ákveðinni vefsíðu mjög ofarlega á fyrstu niðurstöðusíðuna. Slík aðgerð er kölluð leitarvélabestun (Search Engine Optimization – SEO).

Með leitarvélabestun er vefsýnileiki hámarkaður með réttu samspili lykilorða og texta. Lykilorðin eru markaðssett í leitarvélur og samræmdar textanum, svo mikilvægi þeirra aukist. Helsta markmið þessa er að ná til ákveðins markhóps, en ekki endilega að auka heimsóknir á vefsíðuna, þó það eitt og sér teljist vissulega jákvætt. Mikilvægt er, að velja réttu lykilorðin til að draga inn á vefsíðuna mögulega viðskiptavinum, sem eru í raun að leita að þeirri þjónustu, sem þar er í boði.

Undirstaða öflugrar leitarvélabestunar er, að standa í upphafi rétt að skráningu vefsíðunnar og fylgja henni eftir með reglulegum uppfærslum. Stærstu leitarvélarnar breyta af og til leitarreglum sínum og því skiptir verulegu máli, að fyrirtæki láti eigin sérfræðinga fylgja vel með framvindu mála, eða leiti aðstoðar internetráðgjafa til að gera það fyrir sig.

(Heimildir: [www.verisign.com/press\\_releases/pr/page\\_040772.html](http://www.verisign.com/press_releases/pr/page_040772.html), [www.internetworldstats.com](http://www.internetworldstats.com) og [www.verisign.com/press\\_releases/pr/page\\_040772.html](http://www.verisign.com/press_releases/pr/page_040772.html), [www.nielsen-netratings.com/pr/pr\\_070228.pdf](http://www.nielsen-netratings.com/pr/pr_070228.pdf), [www.internetworldstats.com/](http://www.internetworldstats.com/).)

**Næstu vikur og jafnvel mánuði segist Bjarni muna starfa við hlið nýs forstjóra og vinna að því að forstjóraskiptin gangi snurðulaust fyrir sig.**



**LEITAÐ Á NETINU** Greinarhöfundur bendir á að samkvæmt nýlegri könnun hafi vinsælasta leitarvél in netinu, Google, fengið tæplega 3,9 milljarða leitarspurninga í janúar á þessu ári, 40,6 prósentum fleiri en árið áður. Fjöldi fyrirspurna hefur einnig aukist hjá öðrum leitarvélum.

NORDICPHOTOS/AFP

## UM VÍÐA VERÖLD

### Hörð barátta á netinu

Fortune | Tæknigaukar í Bandaríkjunum eru sagðir hafa rekið upp stór augu þegar netfyrirtækið Yahoo keypti 80 prósent hlut í litlu netfyrirtæki í New York, Right Media, sem sérhæfir sig í gerð netauglýsinga og markaðssetningu á netinu, fyrir litlar 680 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 43,8 milljarða íslenskra króna. Þetta þýðir enn fremur að markaðsverðmæti fyrirtækisins hefur margfaldast á fáum mánuðum og hleypur nú á tugum milljarða króna. Bandaríska viðskiptatímaritið Fortune segir verðmiða sem þennan vissulega út í bláinn en bætir því við að þetta virðist vera stefnan sem netrisarnir séu að taka vestanhafs; þeir greiði hvaða verð sem er til að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilinn nái forskoti á netmarkaðnum. Í tilfalli Yahoo er samkeppnisaðilinn netfyrirtækið Google, sem á dögunum velti gosdrykkjarísanum Coca Cola úr toppsætinu sem verðmætasta fyrirtæki í heimi.

### Hlutabréfin að klárast

Economist | Þeir sem hug hafa á því að fjárfesta í hlutabréfum í Bandaríkjunum verða að gera það eins fljótt og auðið er, annars eiga þeir á hættu að engin breki verði eftir á hlutabréfamarkaðnum. Þetta er ekki vegna mikils áhuga annarra fjárfesta vestanhafs heldur vegna viðamikilla kaupa fyrirtækja á eigin bréfum. Breska vikuritið Economist greinir frá því í nýjasta tölublaði sínu að uppkaup fyrirtækja á eigin bréfum nemi að meðaltali sex prósentum á ársgrundvelli og hafi aldrei verið meiri. Þessi miklu uppkaup eru gerð í skjóli methagnaðar fyrirtækjanna. Afleiðingarnar eru hins vegar þær að grynnkar á sjóðum félaganna. Helstu hlutabréfavísitölur vestanhafs hafa ekki farið varhluta af þessum uppkaupum fyrirtækjanna því nokkrar þeirra, ekki síst Dow Jones, hafa slegið hvert metið á fætur öðru.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – PRENTMIÐLAR RITSTJÓRI: Haffíði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSMÍ: 550 5000 SÍMBREFF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – PRENTMIÐLAR PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.



## Dortmund Þýskalandi

### Verslunar- og skrifstofubygging

- Stendur við eina fjölsóttustu verslunargötu í Dortmund
- Húseignin er öll í leigu
- Verð: 9.800.000 €
- Leigutekjur: 582.000 €
- Yield : 6%



Þjónustuaðili fjárfesta á fasteignamarkaði  
587-7600 - <http://www.argoradgjof.is>



## SKOÐUN

## Eiga hamingjusamir starfsmenn hamingjusama maka?

Margir starfsmenn hafa gaman af starfi sínu og fá mikið út úr vinnudeginum. Öðrum finnst ef til vill gaman í vinnunni en spyrja sig hvort lífið sé meira en bara vinna. Hvað með einkalífið, makann eða börnin? Hefur vinnan áhrif á þessa þætti?

Samkvæmt rannsókn í fagtitáritinu Journal of Occupational Health getur góður dagur í vinnu starfsmanns haft jákvæð áhrif á maka hans þegar heim er komið. Í rannsókninni segir að

þeir starfsmenn sem fá stuðning í vinnu og taka á sig ábyrgð frá hendi yfirmanna séu líklegri til að yfirfæra þau jákvæðu áhrif gagnvart fjölskyldu sinni þegar heim er komið. Þannig er einnig með þá starfsmenn sem segjast fá stuðning heima fyrir og eru sáttir við ábyrgðarhlutverk sitt þar, þeir virðast yfirfæra þá ánægju frá heimili yfir á vinnu og auka þannig skilvirkni sína þar.

Rannsóknin var gerð á meðal

234 útvinningandi hjóna sem áttu aldraða foreldra og voru með börn á framfæri. Rannsóknin var lögð fyrir með árs millibili og leiddi hún í ljós að þeir karlmenn sem sögðust vera ánægðir með jafnvægið á milli vinnu og einkalífs áttu maka sem sýndu minni einkenni dapurleika ári seinna í rannsókninni. Þær konur sem sögðust vera ánægðar með jafnvægi á milli vinnu og einkalífs áttu maka sem sýndu minni einkenni dapurleika ári seinna. En hvers vegna er þetta svona? Samkvæmt rannsakandanum, Joseph G. Grzywacz prófessor, upplifa hjón sterklega þær tilfinningar og atburði sem hinn aðilinn gengur í gegnum og þær tilfinning-

ar hafa bein áhrif á hjónabandið. Í rannsókninni voru þátttakendur beðnir um að meta hversu sammála þeir væru eftirfarandi staðhæfingunum: „kröfur í vinnunni hafa áhrif á fjölskyldulíf“ og „góður dagur í vinnunni hefur góð áhrif á fjölskyldulíf mitt“. Einnig voru þátttakendur beðnir að svara hversu sammála þeir væru staðhæfingunni: „góður dagur í vinnu hefur góð áhrif á mig til að takast á við fjölskyldubábyrgð.“ Þá voru þátttakendur beðnir um að lýsa skapi sínu í vikunni sem leið með því að svara hversu sammála þeir væru staðhæfingunni: „atburðir fóru í taugarnar á mér í vikunni sem gera það ekki vanalega.“

Ekki hefur verið rannsakað í miklum mæli hvernig hægt er að færa ánægju í starfi yfir á einkalíf en samkvæmt fagtitáritinu virðast þeir starfsmenn sem ná góðum tókum á sjálfstjórn, mannlegum samskiptum og erfiðleikum við vinnu njóta þess betur að geta tengt saman árangur í vinnu og í einkalífi.

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.



## ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

## Spá 4,3% verðbólgu

Hagstofa Íslands birtir verðbólgu-tölur í fyrramálið. Greiningardeildir bankanna eru nokkuð samstíga um þróun mála og gera ráð fyrir því að vísitala neysliverðs hækki allt frá 0,5 til 0,6 prósentustig á milli mánaða. Gangi það eftir lækkar tólf mánaða verðbólgan úr 5,3 prósentum nú í 4,3 til 4,4 prósent.

Greiningardeildir benda allar á að helstu óvissuþættirnir í fyrri spám hafi verið verðhækkunir á fasteignum og eldsneyti, ekki síst hráolíuverði sem hafi sveiflast mikið það sem af er árs.

Greiningardeild Glitnis segir að í þessum mánuði megi reikna með að verðhækkun þessara tveggja liða skýri um tvo þriðju hluta af spánni. Ekki sé gert ráð fyrir eins mikilli hækkun húsnæðisverðs nú og í apríl. Það kemur til af því að í útreikningi á vísitölu neysliverðs sé húsnæðisverð mælt sem þriggja mánaða hlaupandi meðaltal og þannig falli út verðhækkunir á fasteignaverði á höfuðborgarsvæðinu í janúar út úr mælingunni nú.

Greiningardeild Landsbankans segir á móti að fasteignamarkaðurinn hafi legið í dvala um nokkurt skeið en töluvert líf hafi verið að færast í hann upp á síðkastið. Bendir greiningardeild Kaupþings á að þessi auknu umsvif hafi valdið hækkun á fasteignaverði um 2,3 prósent á landsvísi á síðustu þremur mánuðum. Telur Kaupþing að lítið lát verði á áframhaldandi hækkunum á fasteignamarkaði.

Greiningardeildirnar benda allar á að einn af undirlíðum til hækkunar á vísitölu neysliverðs sé aðgerðir stjórnvalda sem fólu í sér lækkun á virðisaukaskatti á matvæli. Þær segja báðar að verðlækkunin hafi skilað sér að mestu í flestum flokkum en upp á vanti að lækkunin skili sér í verðlækkun á veitingastarfsemi. Þar veiga miklar launahækkunir og verðhækkun aðfanga þungt á móti.

Nokkurs samhljóms gæti hvað varðar verðbólguþróun á næstu mánuðum og spá nokkuð snarprí lækkun í sumar. Hins vegar greinir þær á um hvenær verðbólgu-markmiðum Seðlabankans verði náð. Þannig segir greiningardeild Glitnis að verðbólga fari undir verðbólgu-markmið bankans á haustdögum. Muni hún aukast eftir því sem líði á árið og verði komin í 5 prósent næsta sumar. Landsbankinn gerir hins vegar ráð fyrir að verðbólgu-markmiðunum verði náð í árslok. Spáir bankinn því að tólf mánaða verðbólgan á árinu nemi 4 prósentum en að hún verði 3,7 prósent á næsta ári. Kaupþing reiknar með öllu hraðari verðbólgu-lækkun og gerir ráð fyrir því að verðbólgu-markmiðum Seðlabankans verði náð á þriðja ársfjórðungi. Muni hún hækka á ný eftir það og liggja ársverðbólgan í 4,4 prósentum.



# Tryggðu mikilvægustu auðlind fyrirtækisins!

Sjónvábýður sérsniðnar hóp- og lykilmannatryggingar sem henta öllum fyrirtækjum.



## HÓPTRYGGINGAR

Hóptrygging er einföld lausn fyrir fyrirtæki sem vilja tryggja betur hag sinna starfsmanna. Með hóptryggingu njóta allir starfsmenn, innan tilgreinds starfsmannahóps, sömu verndar.

- Hóplíftrygging
- Hópsjúkdómtrygging
- Hópörorkutrygging



## LYKILMANNATRYGGINGAR

Lykilmannatryggingar eru hentugar fyrir fyrirtæki til að tryggja sig fyrir áföllum sem geta orðið hjá lykilstarfsmönnum.

- Líftrygging
- Sjúkdómtrygging
- Tryggðavernd

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 2000 og fáðu nánari upplýsingar.

**SJÓNÁ**

Þú tryggir ekki eftir á!



# Ætlum okkur góða hluti í Kanada

Landsbankinn opnaði fyrir helgi viðskiptaskrifstofu í Winnipeg í Manitoba. Stefnt er að stofnun útibús í borginni innan skamms. *Bergsteinn Sigurðsson* hitti Björgólf Guðmundsson að máli í Winnipeg.

Landsbankinn mun í fyrstu kynna einkabankþjónustu þar sem bankinn ávaxtar eignir viðskiptavina, meðal annars með aðgangi að verðbréfamörkuðum á Íslandi og þrettán öðrum Evrópumörkuðum.

Fyrir rekur bankinn skrifstofu í Halifax á austurströnd Kanada sem annast fyrirtækjaráðgjöf og hefur milligöngu um lánveitingar til fyrirtækja. „Við höfum lengi verið á leið hingað,“ segir Björgólfur. „Í þessari stækkun á Landsbankanum höfum við alltaf horft til vesturs. Við erum þegar með skrifstofu í New York en hér ætlum við að byggja okkur upp til áframhaldandi framrásar vestanhafs.“

Björgólfur segir Landsbankann kjósa að hasla sér völl í Kanada frekar en í Bandaríkjunum því viðskiptaumhverfið í Kanada sé þjálla og persónulegra en það bandaríska og henti Landsbankanum betur. „Regluverkið er mun stífara í Bandaríkjunum og ómannlegra. Við finnum það á því hvernig okkur er tekið og okkar mál meðhöndluð. Kanada er hins vegar í mikilli sókn og í efnahagslegu tilliti gengur óskaplega vel hér. Hér er mikið af litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem er einmitt sá markaður sem við viljum helst sinna.“

Til eru stærri borgir í Kanada en Winnipeg, sem telur rösklega 630 þúsund íbúa, og víða er efnahagslegur uppgangur meiri, til dæmis í Calgary þar sem ástandið er ekki ósvipað og á Íslandi. Spurður hvers

vegna bankinn hafi kosið að koma sér fyrir í Winnipeg segir Björgólfur að hún sé mikilvægari borg en margir haldi. „Ég held að margir heima hafi ekki rétta hugmynd um Winnipeg og tengi hana fyrst og fremst við Vestur-Íslendinga og þjóðrækni. Hið rétta er að hún er borg mikilla athafna; hér er fjölbreytt atvinnu- og fjármálalíf og hún er af stærð sem hentar okkur vel.“

Hin sögulegu tengsl milli Íslands og Winnipeg spilla ekki fyrir, um áttatíu þúsund manns í borginni og nágrenni hennar eru af íslensku bergi brotnir. „Það er ótrúlegt net af fólki af íslenskum ættum í stjórnunarstöðum og viðskiptum hér sem hafa tekið okkur afskaplega vel og jafnvel hvatt okkur til að koma. Þessir aðilar hafa fylgt betur með íslensku efnahagslífi en við gerum okkur grein fyrir og við njótum mikils velvilja, upplýsts velvilja. Þær spurningar sem við fáum sýna að menn hafa unnið heimavinnuna sína vel.“ Hann bætir við að tengsl Íslendinga við Vestur-Íslendinga hafi ávallt verið góð en efnahagslegar ástæður komið í veg fyrir að þau hafi blómstrað. „En ég geri mér vonir um að með opnun skrifstofunnar aukist viðskipti og þar með eflist jafnframt lífandi mennta- og menningartengsl.“

Þá segir Björgólfur Kanadamenn almennt vera opnari fyrir nýjum möguleikum og treysta mönnum betur en almennt gerist. „Móttökurnar hér hafa verið ólíkt



**VIÐ OPNUNINA** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Halldór J. Kristjánsson bankastjóri, Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri einkabankasviðs, Sandra Sigurdson, starfsmaður skrifstofunnar, Rene Botzenhardt hjá Landsbankanum í Halifax, Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs, Elin S. Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisviðs Landsbankans, og Þorvaldur Þorsteinsson, sérfræðingur á einkabankasviði.

betri en til dæmis í Danmörku og Norge. Kanadamenn hugsa og framkvæma eins og við Íslendingar; þeir eru opnir og heiðarlegir, sem skiptir öllu máli. Þetta er öðruvísi en á stærri mörkuðum þar sem er meiri hraði. Hvarvetna er okkur tekið á jafningjagrundvelli.“ Hann segir líkindi milli þjóðanna og báðar hafi þær verið í skugga sér voldugri nággranna. „Maður heyrir það í samtölum við heimamenn;

þegar við tölum um Evrópu segja þeir að þannig upplifi þeir Bandaríkin.“

Björgólfur segir að næstu skref vestanhafs séu að kortleggja markaðinn, en aðalatriðið sé að fara sér ekki óslega. „Við vitum hvert við erum að fara en förum rólega yfir. Við erum að hugsa um marga staði í augnablikinu og ég held að vöxtur bankans verði töluverður. Við ætlum okkur góða hluti í Kanada.“



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Viðskiptatækifæri í Rússlandi

Miðvikudaginn 9. maí 2007  
Radisson SAS Hótel Sögu kl. 13.30-17.00

Sendiráðið í Moskvu ásamt viðskiptaþjónustu Utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráði halda fund um möguleg viðskipti og viðskiptatækifæri í Rússlandi.

### Dagskrá:

**Opnunarávarp:** Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins  
**Ávarp:** HE. Mr. Victor I. Tatarintsev, sendiherra

### 13.30-15.00 The Economy and Business in Russia

**Legal aspects of the business environment in Russia**  
Sven Lexner, Partner with Mannheim Swartling

**Russia and the WTO: What's in it for the Russians and the WTO members**  
Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra

**Banking & finance: Portfolio investments in Russia, securities market opportunities**  
Svetlana Borodina, Head of Financial and Trade Communications, TNK-BP

### 15.00-15.15 Kaffihlé

### 15.15-17.00 Individual Sectors of the Economy

**Fishing and fish processing industry in Russia**  
Yury Korolev, Trade Representative of the Icelandic Embassy in Moscow

**Utilization of Geothermal Energy: Russian perspectives**  
Grigory Tomarov, General Director of Geothermal Engineering Company JSC

**Pharmaceuticals in Russia**  
Jónas Tryggvason, Executive Vice President of the Actavis Group

**Tourism in Russia**  
Virve Obolhogiani, Director Mimino Ltd., Finland

**Fundarstjóri:** Berglind Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins.

**Páttökugjald er 3.500 kr.** Vinsamlega tilkynnið pátttöku til Útflutningsráðs í síma 511 4000 eða með tölvupósti á [utflutningsrad@utflutningsrad.is](mailto:utflutningsrad@utflutningsrad.is).

Nánari upplýsingar veita Berglind Sigmarsdóttir hjá viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, [berglind@mfa.is](mailto:berglind@mfa.is) og Inga Hlín Pálsdóttir hjá Útflutningsráði, [inga@icetrade.is](mailto:inga@icetrade.is).

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS  
TRADE COUNCIL OF ICELAND



[www.utflutningsrad.is](http://www.utflutningsrad.is)

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • [utflutningsrad@utflutningsrad.is](mailto:utflutningsrad@utflutningsrad.is)

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



## Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum **15,5%\***    ávöxtun í evrum **4,8%\***    ávöxtun í dollurum **6,0%\***    ávöxtun í pundum **5,7%\***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma **444 7000**

\*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/03/07 - 30/04/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhættu fjárfestingarsjóðs er fólgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættuþrengingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is).

**KAUPÞING**



# Ábyrgt samband

70% íslenskra fyrirtækja velja Símann

Ástæðan er sú að Símann býður fyrirtækjum á öllum sviðum öruggar lausnir sem taka til allra þátta starfseminnar og eru sérsniðnar að þörfum hvers fyrirtækis. Á hvaða sviði starfar fyrirtækið þitt?

## Símann hefur lausnirnar fyrir fyrirtæki í verslun og þjónustu

- Viðskiptamiðjan – rafræn miðlun reikninga
- Tölvupóstur í símann – þú velur þá leið sem hentar
- Gagnatengingar um farsíma – tenging við upplýsingakerfi fyrirtækisins hvar sem er
- GSM þak – fyrirtækið greiðir ákveðinn hluta GSM notkunar starfsmanna
- Posalausnir – minni biðtími, aukin hagkvæmni og betri þjónusta
- Símkerti – láttu okkur hýsa símkertið þitt
- Fjölbreyttar GSM áskriftarleiðir
- SMS magnsendingar – sendu hópi viðskiptavina tilboð með SMS

↳ Nánari upplýsingar á [siminn.is](http://siminn.is)





# Stærsta samfélags- verkefnið hingað til

Í tilefni af sextíu ára afmæli RARIK tekur félagið nú þátt í stærsta samfélagsverkefni sínu hingað til. Stjórn þess hefur ákveðið að lagðar verði tuttugu milljónir króna í fyrirtækið Orkuvörð. Munu þær nýttast til stofnunar orkuskóla á Akureyri.

Í fréttatilkynningu frá RARIK segir að Orkuvörður ehf. hafi það eina hlutverk að stofna og reka sérhæfðan háskóla á sviði endur-

nýjanlegra orkugjafa, School for Renewable Energy. Mikil þekking sé nú þegar til staðar á sviði endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi. Með stofnun orkuskólans sé tryggt að landið verði áfram í forystuhlutverki í heiminum á sviði endurnýjanlegrar orku.

Undirbúningur að stofnun orkuskóla á Akureyri hefur staðið frá árinu 2004. Stefnt er að því þar verði boðið B.Sc.-nám í orku-



**RARIK STYRKIR ORKUVÖRÐ** Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, afhendir Benedikt Sigurðarsyni skjal sem staðfestir tuttugu milljóna króna framlag RARIK til Orkuvörðar hf.

fræðum ásamt eins árs meistaranámi. Gert er ráð fyrir að skólinn hefji starfsemi haustið 2007. - hhs

## OpenHand með herferð í Bretlandi

Hugbúnaðarfyrirtækið OpenHand hyggur á mikla markaðsherferð í Bretlandi þar sem byggt verður á samstarfi og stuðningi við endursöluverkefni fyrirtækisins þar. Fyrirtækið hefur að bjóða sérsníðnar samskiptalausnir fyrir farsíma.

Að sögn Davíðs S. Guðmundssonar, sölu og markaðsstjóra OpenHand, eru núna um 450 endursöluáðilar í Bretlandi en til stendur að þeir verði orðnir fleiri en þúsund fyrir lok þessa árs.

„Við erum að hefja dreifingu á gagnvirkum geisladiski í Bretlandi þar sem viðskiptavinurinn getur viðstöðulaust, þegar hann skoðar efnið, fengið hugbúnað okkar í hendur,“ segir Davíð og bætir við að byggt verði á þessari markaðssetningu í frekari sókn víðar um heim. Hann segir OpenHand hafa verið í ákveð-



HEIMASÍÐA OPENHAND

inni endurskipulagningu þar sem mun meiri áhersla sé lögð á sölu- og markaðsmál en áður. „Við erum sóknfastari og má segja að við förum úr því að vera tæknidrifni fyrirtæki yfir í að vera þjónustudrifni.“

Í kringum herferð OpenHand er skipulagt mikið kynningarstarf sem stjórnað er héðan, en bresk almannatengslastofa

vinnur einnig náið með fyrirtækinu.

Nokkur vöxtur hefur verið í starfsemi OpenHand og fyrirtækið nýð samningum bæði í Suður-Afríku og Þýskalandi. Davíð segir rannsóknir sýna að evrópski markaðurinn sé langt frá metnun, en vel innan við tíu prósent þeirra sem noti tölvupóst við vinnu noti einhvers konar lausn til að fá viðskiptaupplýsingar í farsíma. „Ljóst er því að mikil sóknarfæri liggja á þessum mörkuðum,“ segir hann, en OpenHand hóf einnýverið starfsemi í Ungverjalandi með frekari sókn austur á bóginn í huga. Það verkefni gengur vonum frammar og hafa útibú alþjóðlegra fyrirtækja sýnt lausninni mikinn áhuga. Aðilar í nærliggjandi löndum hafa sýnt endursölu áhuga og eru nokkur slík verkefni í skoðun. - óká

## FÓLK Á FERLI

**MÍLA** ehf. er nafn nýs fyrirtækis sem stofnað var í mars mánuði um rekstur, uppbyggingu og viðhald fjarskiptanets Símans. Míla hóf formlega rekstur hinn 1. apríl síðastliðinn. Míla hefur tekið við þeirri starfsemi sem áður tilheyrði heildsölu Símans, viðhaldi og rekstri á fjarskiptanetinu og áframhaldandi þróun og uppbyggingu á því.

**PÁLL Á. JÓNSSON** var ráðinn framkvæmdastjóri Mílu ehf.



Páll hefur gegnt mörgum störfum hjá Símanum. Hann var framkvæmdastjóri Fjarskiptanets Símans frá árinu 2005 til dagsins í dag. Hann útskrifaðist sem rafmagnstæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands og Tækniskólanum í Óðinsvéum. Hann hefur einnig lagt stund á nám í viðskipta- og rekstrarfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands.

er með B.A. próf í íslensku, diploma í bókasafns- og upplýsingafræði, próf í kennslu- og uppeldisfræði til kennara-réttinda og meistaraþráðu í upplýsingafræði.

**INGVAR HJALTALÍN JÓHANNESSON** hefur



verið ráðinn forstöðumaður framkvæmda hjá Mílu. Ingvar starfaði áður sem forstöðumaður framkvæmda hjá Símanum. Hann útskrifaðist úr Ingeniørhøjskolen

Sønderborg Teknikum, í Danmörku árið 1993.

**BJARNI M. JÓNSSON** hefur verið ráðinn



forstöðumaður reksturs hjá Mílu. Bjarni hefur starfað hjá Símanum til margra ára. Bjarni er með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands. Hann er rafmagnstæknifræðingur frá STI auk þess að vera með meistaraþróf í raf-eindavirkjun.

**EVA MAGNÚSDÓTTIR** hefur verið ráðin



forstöðumaður sölu og markaðar hjá Mílu. Eva tók við starfi forstöðumanns heildsölu Símans um síðustu áramót en var áður forstöðumaður almannatengsla. Eva er með MBA-gráðu í viðskiptafræði og stjórnun frá HÍ, auk Bsc-prófs í þjóðháttá- og leikhúsfræðum og prófs í hagnýtri fjölmiðlun.

**HALLDÓR GUÐMUNDSSON** hefur verið



ráðinn forstöðumaður þróunar hjá Mílu. Halldór hefur verið forstöðumaður þróunar Fjarskiptanets Símans. Hann hefur einnig starfað í ýmsum deildum Símans. Halldór er rafmagnstæknifræðingur frá Odense Teknikum.

**HRAFNHILDUR HREINSDÓTTIR** hefur



verið ráðin forstöðumaður mannauðsmála. Hrafnhildur hefur starfað sem fræðslustjóri og ráðgjafi starfsmanna-sviðs Símans. Hrafnhildur

**VALDIMAR JÓNSSON** hefur verið ráð-



inn forstöðumaður Fjármála og eigna. Valdimar hefur til margra ára verið forstöðumaður Fasteigna og bifreiðadeildar Símans. Valdimar var jafnframt verkefnisstjóri á Hagræðingardeild Pósts og síma. Valdimar er með MBA-gráðu frá Gonzaga University og BS-próf í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands.

**BENEDIKT RÚNARSSON** hefur verið



ráðinn deildarstjóri sölu og þjónustu hjá Mílu. Benedikt starfaði áður hjá Símanum sem ráðgjafi hjá Öryggis- og gæðastjórnun. Benedikt hefur komið að ýmsum verkefnum fyrir Símann

en hann hóf þar störf sem viðskiptastjóri á Stórnotendasviði.

**SIGNÝ JÓNA HREINSDÓTTIR** hefur verið



ráðin deildarstjóri vöru og markaða hjá Mílu. Signý starfaði áður sem markaðsráðgjafi hjá auglýsingastofnunni Hvíta húsinu. Hún starfaði einnig áður hjá Símanum til nokkurra

ára, fyrst sem viðskiptastjóri í fyrirtækjaþjónustu. Signý er með Bsc-próf í Alþjóðamarkaðsfræði frá Tækniháskóla Íslands.



## Hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir laust til umsóknar starf hagfræðings á hagfræðisviði. Hagfræðisvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguþátt og tekur þátt í mótun stefunnar í peningamálum. Hagfræðisvið hefur m.a. umsjón með útgáfu *Peningamála* og ensku útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi rannsóknarverkefni og ráðgjöf á sviði þjóðhagfræði.
- Þátttaka í öðrum verkefnum hagfræðisviðs eftir atvikum.

Áskilið er a.m.k. meistaraþróf í þjóðhagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi þekkingu og áhuga á efnahagsmálum. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Auk þekkingar á hefðbundnum hugbúnaði væri það kostur ef umsækjandi hefði góða þekkingu á notkun hugbúnaðar til tölfraðigreiningar og hagamælinga. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur, í síma 569-9600. Umsóknnum skal skilað fyrir 8. maí 2007 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

## Viðskiptahúsið

FRASÉÐINGUR • FRYRIRTÆKI • SÁVAKOTVEÐUR

### Verzlun og þjónusta

**Höfum til sölumeðferðar fyrirtæki á sviði verslunar og þjónustu, m.a. er um að ræða þekktu herrafataverslun og áhugaverða húsgagnaverslun.**

**Aðeins er um góð fyrirtæki að ræða, hvert með sína sérstöðu á markaði.**

Áhugasamir hafið samband við:

Hörð Hauksson Gsm: 896 5486 • Atla Víðar Jónsson Gsm: 898 2533  
og Gísla Bogason Gsm: 863 0509

Fyrirtækjasvið Viðskiptahússins annast:

- Kaup og sölu fyrirtækja eða rekstrareininga og samrunaferli.
- Kaup og sölu á fasteignum þeim tengdum og byggingalöðum fyrir atvinnuhúsnæði, landareignum og bújörðum.
- Fjármögnun verkefna.





# Alþjóðlegt MBA-nám

-krefjandi áskorun

- Alþjóðlegur hópur framúrskarandi kennara
- Námið er sambærilegt því besta sem býðst í erlendum háskólum
- Fjölbreyttur hópur öflugra nemenda
- Námið fer fram á ensku
- Sterk tengsl við atvinnulífið

#### MEÐAL KENNARA ERU:

**Ahmad Rahnema**, IESE Business School  
**Allen Michel**, Boston University  
**Ashley Braganza**, Cranfield University  
**Gerard Seijts Richard**, Ivey School of Business  
**Joe Pons**, Axioma Marketing  
**Kristín Friðgeirsdóttir**, London Business School  
**Marc Sachon**, IESE Business School  
**Paul Kearns**, Personnel Works Ltd  
**Patrick Turner**, Insead Business School

**Umsóknarfrestur er til 29. maí.**  
**Nánari upplýsingar á [www.hr.is/mba](http://www.hr.is/mba)**



MBA-nemendur sem útskrifuðust frá HR vorið 2006.

95% MBA-nemenda við HR telja námið hafa gert þá hæfari og betri í starfi.

91% MBA-nemenda við HR telja námið hafa aukið möguleika þeirra á vinnumarkaðnum.

Samstarfsaðilar um nýsköpunarþjálfun í MBA við HR eru:



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1  
SÍMI: 599 6200 [www.hr.is](http://www.hr.is)



## BANKA HÓLFID



### Breskir millar aldrei fleiri

Forsætisráðherratið Tonys Blair í Bretlandi hefur verið sannkölluð blómatíð fyrir moldríka þar í landi. Skoska dagblaðið Scotsman greinir frá könnun sem sýnir að í Bretlandi hafi fjöldi milljarðamæringa (í pundum talið) þrefaldast á síðustu fjórum árum. Auður þúsund þeirra efnuðustu hefur á tímabilinu aukist um fimmtung, segir blaðið og telur 68 milljarðamæringa í Bretlandi. Þar á meðal er ríkasti maður Skotlands, Sir Tom Hunter, viðskiptafélagi Baugs, en blaðið hampar honum sem fyrsta sjálfssprotna milljarðamæringi Skota. Hann rétt nær inn á listann, er metinn á 1,05 milljarða sterlingspunda.

### Bjarni til liðs við Kalla?

Nú velta menn því fyrir sér hver næsti áningarstaður Bjarna Ármannssonar kunni að vera, enda býst enginn við því að hann setjist í helgan stein, aðeins 39 ára gamall. Það er ljóst að Bjarni, sem einn af forgöngumönnum íslenska fjármálakerfisins, ætti ekki að eiga í erfiðleikum með að finna sér starf en fastlega er búist við að hann snúi aftur inn á brautir bankakerfisins þegar lengra liður á árið. Meðal þess sem heyrir er að Karl Wernersson í Milestone og fjárfestingarbankanum Askar Capital hafi borið víurnar í Bjarna. Karl og Bjarni þekkja auðvitað vel frá Glitnisárunum, enda var Karl lengi vel einn af stærstu hluthöfum bankans. Hvernig er það, kemur ekki að því að nýjan forstjóra vanti yfir Innvik?

### Karatekempa í sigurliðið

Eins og allir vita eru langhlaup talin til mestu dyggða hjá starfsmönnum Glitnis og bankinn verið meðal styrktaraðila Reykjavíkumaraþons auk maraþonhlaupa í stórborgunum Osló í Noregi og Lundúnum í Bretlandi.

Bjarni Ármannsson er þekktur hlaupagarpur og lagt mikið af mörkum til að hvetja starfsmenn og almenning til að hlaupa. Nýr forstjóri bankans, Lárus Welding, verður örugglega beittur félagslegum þrýstingi á nýjum vinnustað að hlaupa maraþon á þessu ári en fyrir þá sem ekki vita er hann með svarta beltið í karate. Nema náttúrliga að bankinn slái í gegn með stuðningi við alþjóðleg karatemót.

**636** milljónir á dag sem Exista hagnaðist um á fyrsta fjórðungi ársins 2007. Heildarhagnaður eftir skatta nam 57,2 milljörðum króna.

**20,3** milljarða króna hagnaður Kaupþings á fyrsta fjórðungi ársins 2007. Næstbesti fjórðungurinn í sögu Kaupþings.

**70** milljarða króna yfirtökutilboð Milestone, sem er í eigu Karls og Steingríms Wernerssona, í sænska fjármála-fyrirtækið Innvik & Co. Þetta eru ein stærstu fyrirtækja-kaup Íslandssögunnar.

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Sauðárkrókur | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Selfoss | Reykjanesbær

# Kröfuharður?

Við höfum liðsinnt fjölda kröfuharðra fyrirtækja

við innheimtu viðskiptakrafna með góðum árangri.

Komdu með þínar kröfur - síminn er **440 7770**.

konkur

www.intrum.is

**intrum**  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

# Fljúgum hærra



**SPRON Verðbréf**  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,3% ávöxtun\***

**spron**  
VERÐBRÉF

\*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 01.09.2006 til 01.04.2007. Rekstrarfélag fjárfestingarsjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útbodslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is).